



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF



ÁRSSKÝRSLA 2003

FINANCIAL STATEMENTS 2003



**HITAVEITA
SUÐURNESJA HF**

ÁRSSKÝRSLA 2003

EFNISYFIRLIT


Hitaveita Suðurnesja hf.	2
Skipulag og stjórn	4
Fjárfestingar	5
Rekstur.	7
Starfsmannafélag Hitaveitu Suðurnesja hf.	29
Orkuframleiðsla og sala	30
Fjármál	30
Lykilstærðir	33
Skýrsla og áritun stjórnar	37
Áritun endurskoðenda.	38
Rekstrarreikningur	39
Efnahagsreikningur	40
Yfirlit yfir sjóðsstreymi	42
Skýringar	43
Endorsement by the board of directors and management	55
Auditors' Report.	56
Statement of Earnings	57
Balance Sheet.	58
Statement of Cash Flows 2001	60
Notes	61

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Um síðasta ár má að sönnu segja, að tvö málefni hafi borið lang hæst. Hið fyrra er undirbúningur virkjunar á Reykjanesi og samningaviðræður við Norðurál um orkusölu en hitt málefnið er nýr lagarammi fyrir raforkugeirann í landinu. Varðandi virkjunina þá hélt undirbúningur áfram, tvær holur voru boraðar, þannig að þær eru nú 5, haldið áfram tilraunum varðandi meðferð jarðhitavökvans og hönnun endanlegrar virkjunar hafin. Fram eftir árinu voru í gangi viðræður milli Norðuráls annarsvegar og hinsvegar Landsvirkjunar, Hitaveitu Suðurnesja hf (HS) og Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Þann 5. ágúst ákvað Landsvirkjun hinsvegar að fyrirtækið hefði ekki möguleika á að taka þátt í orkuöflun fyrir Norðurál miðað við þann tímaramma sem ákveðinn hafði verið. Hófust þá viðræður HS og OR við Norðurál sem leiddu til þess að þann 31. október var undirritað viljayfirlýsing milli Norðuráls annarsvegar og hinsvegar HS og OR um stækkun álvers Norður-

áls og orkuöflun HS og OR til að gera það mögulegt. Miðað er við að orkuver HS verði í upphafi 2 x 40 MW eða 2 x 50 MW, með möguleika á 50% stækkun þegar fram líða stundir og að orkuverið verði gangsett í byrjun maí 2006.

Eftir margra ára umræður voru ný raforkulög loks samþykkt á Alþingi þann 14. mars 2003. Ekki eru þó öll kurl komin til grafar því til að ná samstöðu um málið var frestað tveimur aðal deilumálunum þ.e. flutningskaflanum og svo umfangi niðurgreiðslna og jöfnunargjalda. Með bráðabirgðaákvæði var þessum málum vísað til 19 manna nefndar, sem skila átti álit í frumvarpsformi fyrir árslok 2003. Nefndin náði þó ekki að skila endanlegum tillögum fyrr en í lok febrúar og varð ekki samstaða innan nefndarinnar, 14 skrifuðu undir álit, sumir með bókunum, 4 voru á móti og gerðu þeir grein fyrir álitinu en einn sat hjá. Sjónarmið Hitaveitu Suðurnesja hf hefur verið það, að óá-





sætthanlegt sé að þessar breytingar leiði til umtalsverðrar hækkunar raforkuverðs viðskiptavina fyrirtækisins. Jöfnun í allt of viðamiklu flutningskerfi, aðskilnaður framleiðslu og dreifingar, mikill kostnaðarauki vegna mælinga og uppgjöra og síðan hugmyndir um frekari verðjöfnun milli dreifikerfa með orkuskipti benda hinsvegar til þess að svo geti farið. Hitaveita Suðurnesja hf mun því áfram vinna að og leggja áherslu á að rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja í framtíðinni verði með þeim hætti, að orkuviðnaðurinn fái að þróast með eðlilegum og hagkvæmum hætti í stað þess að einblínt sé á byggðastefnu og verðjöfnun á kostnað þéttbýlisins á suðvesturhorninu.

Upptekt úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi var heldur minni en árið áður eða 11,12 milljón tonna á móti 11,36 milljónum tonna árið áður. Vegna stórauðinnar niðurdælingar, eða úr 1,72 milljónum tonna í 3,55 milljón tonna, minnkaði nettó upptektin þó um tæpar 2 milljónir tonna eða um 21,5%. Nettó upptektin er þá nánast hin sama og á árunum upp úr 1981, en þá var raforkuframleiðslan rúmar 40 GWst á móti um 370 GWst nú og vatnsframleiðslan þá um 5 milljón tonn en um 9 milljón tonn nú.

Ástand jarðhitageymisins verður að teljast nokkuð gott og jafnvægi hefur náðst á ný eftir nokkurt fall á þrýstingi við aukna upptekt vegna 30 MW vélarinnar frá árinu 2000.

Á síðasta ári var einnig lögð sérstök áhersla á að laga innri starfsemi fyrirtækisins að þeim breytingum sem fylgdu sameiningu HS við Rafveitu Hafnarfjarðar og Bæjarveitur Vestmannaeyja (BV). Miklar breytingar eru framundan í orkugeiranum og uppbygging orkufyrirtækjanna í nokkurri óvissu en þó líklegt að þeim komi til með að fækka enn frekar á næstu misserum. Brýnt er að nýta þau tækifæri sem gefast á slíkum umbrotatímum, því að þeim loknum má búast við að nokkuð stöðugt ástand skapist sem setji stækkun og eflingu fyrirtækjanna nokkuð ákveðnar skorður. Formbreyting Hitaveitu Suðurnesja hf var stórt skref fram á við og fækkun stjórnarmanna úr 12 í 7 á að tryggja skilvirkari og hraðari ákvarðanatöku. Fyrirtækið á þá að vera öflugt og reiðubúið til að takast á við alla þróun og breytingar, sem eiga síðan að leiða til hámarks ávinnings fyrir fyrirtækið og eigendur þess.

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI HITAVEITU SUÐURNESJA HF

	Hitaveita	Hitaveita	Rafmagn	Rafmagn	Vatnsveita*	Vatnsveita*
Reykjanesbær	10.907	51,25%	10.907	23,71%	10.907	53,59%
Grindavík	2.421	11,38%	2.421	5,26%	2.421	11,90%
Sandgerði	1.393	6,55%	1.393	3,03%	1.393	6,84%
Garður	1.283	6,03%	1.283	2,79%	1.283	6,30%
Vogar	928	4,36%	928	2,02%	0	0,00%
	16.932	79,56%	16.932	36,80%	16.004	78,63%
Hafnarfjörður	0	0,00%	21.190	46,06%	0	0,00%
Garðabær (hluti)	0	0,00%	1.660	3,61%	0	0,00%
Bessastaðahreppur	0	0,00%	1.876	4,08%	0	0,00%
	0	0,00%	24.726	53,74%	0	0,00%
Vestmannaeyjar	4.349	20,44%	4.349	9,45%	4.349	21,37%
Alls	21.281	100,00%	46.007	100,00%	20.353	100,00%

* Í Grindavík, Sandgerði og Vogum sér HS eingöngu um vatnsöflunina.

SKIPULAG OG STJÓRN

Aðalfundur Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2002 var haldinn 8. apríl 2003 í Eldborg í Svartsengi. Á fundinum kom til framkvæmda sú breyting, að stjórnarmönnum var fækk- að úr 12 í 7 og urðu því miklar breytingar á stjórn fyrirtækisins. Úr stjórninni gengu þá eft- irtaldir einstaklingar: Árni Ragnar Árnason, Fjármálaráðuneyti, Guðjón Stefánsson, Iðnað- arráðuneyti, Guðjón Hjörleifsson, Vestmannaeyjabæ, Jón Norðfjörð, Sandgerðisbæ, Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarbæ, Magnús Gunnarsson, Hafnarfjarðarbæ, Sigurður Ingvarsson, Garði og Þóra Bragadóttir, Vatnsleysustrandahreppi. Nýir stjórnarmenn sem kjörnir voru eru þessir: Árni Sigfússon, Reykjanesbæ, Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ og Lúðvík Bergvinsson, Vestmannaeyjabæ.

Að loknum aðalfundi var haldinn stjórnarfundur í nýrri starfsstöð fyrirtækisins að Bæj- arhrauni 14 í Hafnarfirði þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

Formaður:	Björn H. Guðbjörnsson, Reykjanesbæ
Varaformaður:	Gunnar Svavarsson, Hafnarfjarðarbæ
Ritari:	Lúðvík Bergvinsson, Vestmannaeyjabæ
Meðstjórnendur:	Árni Sigfússon, Reykjanesbæ
	Ellert Eiríksson, Reykjanesbæ
	Ómar Jónsson, Grindavíkurbæ
	Óskar Þórmundsson, Ríkissjóði

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í stjórn:	Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
	Guðjón Stefánsson, Ríkissjóði
	Ingimundur Guðnason, Garði
	Jóhann Geirdal, Reykjanesbæ
	Jón Gunnarsson, Vatnsleysustrandahreppur
	Jón Norðfjörð, Sandgerðisbæ
	Magnús Gunnarsson, Hafnarfjarðarbæ

Hlutfjáreign í Hitaveitu Suðurnesja hf skiptist þannig 31.12.2003:

Reykjanesbær	2.958.000.000	40,4550%
Ríkissjóður Íslands	1.133.356.000	15,5003%
Hafnarfjarðarbær	1.133.356.000	15,5003%
Grindavíkurbær	632.944.000	8,6564%
Vestmannaeyjabær	511.828.000	7,0000%
Sandgerðisbær	396.100.000	5,4172%
Gerðahreppur	343.944.000	4,7039%
Vatnsleysustrandahreppur	202.300.000	2,7667%
Samtals	7.311.828.000	100,0000%

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri:	Júlíus Jónsson
Aðstoðarforstjóri:	Albert Albertsson



Björn H. Guðbjörnsson



Gunnar Svavarsson



Lúðvík Bergvinsson



Árni Sigfússon



Ellert Eiríksson



Ómar Jónsson



Óskar Þórmundsson



Júlíus Jónsson



Albert Albertsson





FJÁRFESTINGAR

Á árinu voru fjárfestingar mjög svipaðar og árið áður, að undanskildum kaupum á Vatnsveitu Reykjanesbæjar, en samtals námu fjárfestingar í orkuverum og veitukerfum 786 m.kr. og alls 1.278 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

- Á Reykjanesi var boruð hola 13 niður á 2.457 og hola 14 niður í 900 m., gert var við holur og unnið að almennum undirbúningi virkjunar og var heildarkostnaður ársins 392,3 m.kr.
- Í Svartsengi var unnið við frágang við borholur og að undirbúningi fyrir orkuver 6 og var kostnaður ársins 7,1 m.kr.
- Í samvinnu við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fjárfesti HS í 465 kW hverfli sem settur hefur verið upp í nýrri sorpeyðingarstöð í Helguvík (Kalka). Kostnaður ársins var 46,9 m.kr.
- Í rafveitukerfunum var fjárfest fyrir 175,4 m.kr. sem skiptist þannig að 59,9 voru á Suðurnesjum, 102 m.kr. á Hafnarfjarðarsvæðinu og 13,5 m.kr. í Vestmannaeyjum.
- Vegna undirbúnings línubyggingar frá Reykjanesi að Svartsengi var fjárfest fyrir 1,6 m.kr.
- Í dreifikerfi hitaveitu var fjárfest fyrir 44,8 m.kr., í Vogazæð 39,5 og í kyndistöð í Eyjum 7,1 m.kr.
- Í ferskvatnskerfum var fjárfest fyrir 4,3 m.kr.
- Í byggingum, eld- og viðvörunarbúnaði í Svartsengi var fjárfest 10,5 m.kr.
- Í nýrri starfsstöð í Hafnarfirði var fjárfest fyrir um 43,6 m.kr.
- Í veltufjármunum svo sem tölvukerfum, farartækjum og vinnuvélum voru fjárfestar 64,4 m.kr.
- Hlutfjárkaup í öðrum félögum námu 66 m.kr.
- Vatnsveita Reykjanesbæjar var keypt á 360 m.kr. en þar af voru birgðir 8,7 m.kr.

FRAMKVÆMDIR - FJÁRFESTINGAR 2003

Þús. kr.

	Dreifik rafm.	Dreifik. hitav.	Aðveitu- stöðvar	Dreifikerfi o.fl. vatnsv.	Samtals
Reykjanesbær	29.232	13.950	0	1.051	44.233
Grindavík	11.675	6.802	0	0	18.477
Sandgerði	3.224	13.494	0	0	16.718
Garður	13.131	4.897	0	0	18.028
Vogar	1.878	3.052	0	0	4.930
Hafnir	370	10	0	0	380
Flugvöllur	0	226	0	0	226
Flugstöðvarsæði	402	137	0	0	539
Hafnarfjörður	44.405	0	24	0	44.429
Garðabær	24.098	0	0	0	24.098
Bessastaðahreppur	33.580	0	0	0	33.580
Vestmannaeyjar	11.909	2.227	1.442	3.244	18.822
	173.904	44.795	1.466	4.295	224.460
Háspennulína R.nes - Sv.engi					1.648
Stofnæð að Vogum					39.461
Kyndistöð Vestmannaeyjum					7.077
Starfsstöð Hafnarfirði					43.600
Strandvegur 52 Vestmannaeyjum					8.437
„Varmanám; boranir Reykjanesi o.fl.“				350.060	
Orkuvinnsla Reykjanesi - umhverfismat o.fl.				42.240	
„Varmanám; frágangur Svartsengi“				7.116	
Eld- og innbrotsvörn Svartsengi				9.022	
Starfsmannahús Svartsengi				1.508	
Raforkuver Helguvík				46.917	
Jarðhitarannsóknir Vestmannaeyjum				1.737	
Hitaveitukerfi Krýsuvík				2.400	
Orkurannsóknir Trölladyngju				885	461.885
			Orkuver- og veitukerfi samtals		786.568
Upplýsingakerfi				58.547	
Farartæki og vinnuvélar				5.873	64.420
Hlutfé Jarðlind ehf				63.509	
Hlutfé í öðrum félögum				12.500	
Vatnsveita Reykjanesbæjar (birgðir 8.700)				351.300	427.309
			Framkvæmdir og fjárfestingar samtals		1.278.297





REKSTUR

ORKUVER

FRAMLEIÐSLA HITAVEITUVATNS

Vatnsmagn frá orkuveru 2003 var 8.747.083 tonn sem er um 3,7% minnkun frá árinu áður. Varmaorku framleiðslan var um 584 GWh sem er minnkun um 30 GWh. Mesta mánaðarframleiðsla var í janúar eða 881.385 tonn sem jafngilda 60,7 GWh. Mest mælt hámarksrennsli var 23. janúar eða 380 l/s. og há-

marksálag einstakan dag þann sama dag eða 95,6 MW í varma.

Vatnsnotkun að svæði Varnarliðsins var 4.387.485 tonn sem er minnkun um 507,6 þúsund tonn eða rúm 13% milli ára og um 26,5% minnkun frá 1998. Orkunotkun var um 139 GWh sem er minnkun um 10,1%. Mest orkunotkun var í desember eða um 15,4 GWh en hámarksálag einstakan dag var 22. janúar eða um 22 MW í varma.

Vatnsnotkun í byggðunum, frá dælustöð á Fitjum, var

RAFORKUFRAMLEIÐSLA 2003

	GWh	Nýt. st.	Nýting %
Vél 1 (AEG - 1,0 MW)	3.141	3.141	35,75%
Vél 2 (AEG - 1,0 MW)	4.016	4.016	45,71%
Vél 3 (Fuji - 6,0 MW)	48.755	8.126	92,51%
Vél 4 (Ormat - 1,2 MW)	9.411	7.842	89,28%
Vél 5 (Ormat - 1,2 MW)	9.058	7.548	85,93%
Vél 6 (Ormat - 1,2 MW)	9.682	8.068	91,85%
Vél 7 (Ormat - 1,2 MW)	8.863	7.386	84,09%
Vél 8 (Ormat - 1,2 MW)	8.297	6.914	78,72%
Vél 9 (Ormat - 1,2 MW)	7.888	6.573	74,83%
Vél 10 (Ormat - 1,2 MW)	8.041	6.700	76,28%
Vél 11 (Fuji - 30,0 MW)	251.318	8.377	95,37%
	368.468	7.941	90,40%
Vél R-1 (Terri - 0,5 MW)	1.473	2.946	33,54%
Caterpillar diesel vél	2		
	369.943	7.888	89,80%
Diesel vélar Hafnarfirði	1		
Diesel vélar Eyjum	25		
	369.969	7.888	89,80%

Framleiðslan í Svartsengi var 369,9 GWh og jókst um 0,08%. Af þessum 369,9 GWh fóru um 26,7 GWh til eigin notkunar (3,67% minnkun) en út á netið teljast hafa farið 156,1 GWh eða um 11,1% meira en árið áður. Raunveruleg afhending til Landsvirkjunar var 112,3 GWh en frá Landsvirkjun komu í raun 6,4 GWh vegna Suðurnesja (ótr. orka 27,0 GWh), 111,1 GWh vegna Hafnarfjarðar og 42,7 GWh vegna Vestmannaeyja, auk 13,2 GWh ótryggðar orku í Eyjum. Reiknuð afhending til stóriðju voru 169,9 GWh auk 16,6 GWh ótryggðar orku.

7.466.735 tonn sem er minnkun um 251 þúsund tonn eða um 3,36%. Mesta álag var 23. janúar eða 53 MW í varma. Vatnsnotkun í Grindavík var 1.316.836 tonn sem er aukning um 0,6% milli ára og um 13,4% aukning frá 1998. Þó var minnkun á árinu í GWh talið eða um 1,77%.

Vatnsnotkun á flugstöðvarsvæði var 376.830 tonn sem er um 1,4% minnkun milli ára en 22,4% aukning frá 1998. Heildarframleiðsla orkuvers frá upphafi er nú alls 178.517.184 tonn sem jafngilda um 12.309 GWh.

Engar marktækar breytingar hafa komið fram samkvæmt mælingum á efnasamsetningu upphitaða vatnsins sem dreift er um Suðurnes.

SVARTSENGI

- JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2003

Hiti og þrýstingur var að venju mældur í gufuholum á árinu og var einkum litið til þrýstibreytinga á 1000 m dýpi. Vinnsla úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi árið 2003 var um 353 kg/s að meðaltali og þar af var vinnsla úr gufuvæðinu um 133 kg/s. Heildar upptekt úr gufuholum á svæðinu var á árinu um 11,12 milljón tonn. Til Bláa lónsins fóru um 795.000 tonn eða 25 l/sek. af 156°C jarðhitavökva.

Niðurdæling affallsvatns í holu SJ-17 á árinu var 3.550.286 tonn sem eru um 113 kg/s að meðaltali, sem er um 207% aukning frá fyrra ári og er stefnt að enn frekari aukningu á niðurdælingu. Heildar upptekt úr svæðinu frá upphafi er um 211 milljón tonn og heildar niðurdæling frá upphafi er 14.582.817 tonn. Nettó upptekt á árinu er því um 7,6 milljón tonn, sem er minnkun um 2,07 milljón tonn frá fyrra ári, sem skýrist af aukinni niðurdælingu. Heildar nettó upptekt frá upphafi er því um

196,5 milljón tonn.

Sýrustig djúpvatns í holum 7, 8, 9, 11 18 og 19 lækkaði lítillega á milli áranna 1999 og 2000 og hefur haldist óbreytt síðan. Af þeim sökum reiknast kalkmettun síðastliðinna ára lægri en áður, en hækkaði þó lítillega í holum 8, 18 og 19 á árinu 2003. Talið er að hækkað vermi vegna aukinnar vinnslu og þrýstilækkunar geti valdið lækkun sýrustigs. Styrkur steinefna í djúpvatni úr gufuholum 7, 8, 9, 11, 18 og 19 hefur ekkert breyst að kalla má og er nánast óbreyttur frá upphafi vinnslu úr jarðhitasvæðinu. Bendir þetta til þess að holurnar vinni vökva úr einsleitu jarðhitakerfi hvað efnasamsetningu varðar.


Styrkur gass í gufu, reiknaður sem hundraðshluti þyngdar við 5,5 bara skiljuþrýsting, er um 0,2 - 0,4% þyngdar í holum 7, 8, 9, 11, 18 og 19 en u.þ.b. 2% þyngdar í holum 10, 14, 16 og 20 eða rétt um 10 sinnum hærri.

Styrkur gass í þurru holunum á austursvæðinu (holur 10, 14, 16 og 20) er lægri en áður var og er lækkunin rakin til aukinnar vinnslu úr gufupúðanum, einkum í tengslum við gangsetningu orkuvers 5. Styrkur koldíoxíðs í holu 10 hefur t.d. lækkað úr 40.000 mg/kg í u.þ.b. 25.000 mg/kg. Lækkunin átti sér aðallega stað milli áranna 1999 og 2000, en gasstyrkur hefur haldist stöðugur síðan. Má því ætla að nýju jafnvægi hafi verið náð í gufupúðanum.

Á áratugnum 1980 til 1990 var vinnslan í Svartsengi að jafnaði um 250 kg/s og féll þrýstingur um 15 bör á þessu tímabili eða um 1,5 bör á ári að meðaltali. Þetta eru talin dæmigerð viðbrögð fyrir vatnsríkt kerfi. Þá dregur úr og fellur þrýstingurinn aðeins um 5 bör frá 1990 til 2000 eða um 0,5 bar á ári. Vinnslan þessi tíu ár var heldur minni en áratuginn á undan, en meginskýringin á hægari niðurdætti er þó talin vera vaxandi suða í jarðhitakerfinu og aukin útbreiðsla gufupúðans.

ORKUVER SVARTSENGI - FRAMLEIÐSLA 1976 - 2003

	Eining	2003	2002	Breyting 2003 - 2002	Samtals 1976 - 2003
Seld raforka út á net	GWh	343,29	341,99	0,38%	2.674,17
Eigin notkun raforku	GWh	26,65	27,67	-3,67%	379,06
Samtals	GWh	369,94	369,66	0,08%	3.053,23
Vatnsframleiðsla	Tonn	8.747.083	9.069.961	-3,56%	178.532.382
Vatnsframleiðsla (orka)	GWh	583,86	613,25	-4,79%	12.308,92
Upptekt úr jarðhitasvæði	Þús. tonn	11,120	11,355	-2,07%	211,039
Niðurdæling í jarðhitasvæði	Þús. tonn	-3,550	-1,716	106,88%	-14,583
	Þús. tonn	7,570	9,639	-21,46%	196,456





Frá og með árinu 2000 eykst vinnsla úr svæðinu í yfir 350 kg/s þegar orkuver 5 tekur til starfa. Þrýstingur snarfellur við þetta og er breytingin um 3 bör á ári fram til 2002. Strax á árinu 2001 var hafin niðurdæling í holu SJ-17. Í fyrstu var einungis dælt innan við 50 l/s en í árslok 2002 var niðurdælingin aukin og var að meðaltali 113 l/s árið 2003.

Aukin niðurdæling er ástæða þess að þrýstingur hélst í stað í Svartsengi frá 2002 til 2003, enda er verg vinnsla síðasta árið svipuð og áður en orkuver 5 fór í gang í árslok 1999. Niðurdráttur í vatnssvæði frá upphafi vinnslu 1976 er þá orðinn um 313 metrar. Mælingar á efnastyrk í gufu og þéttivatni í orkuverum 3 og 5 sýna að gufan er mjög góð til nýtingar. Á árinu 2003 nam gaslosun úr jarðhitasvæðinu í Svartsengi tæplega 60.000 tonn-um af koldíoxíði og rúmum 800 tonnum af brennisteinsvetni. Heildargaslosun úr svæðinu frá upphafi vinnslu er þá orðinn tæp 640.000 tonn af koldíoxíði og um 8.400 tonn af brennisteinsvetni.

Svartsengi - rekstur gufuhola

- H-7** Í rekstri fyrir orkuver 2; 120mm blenduloki; lokuð 1. og 2. júlí. v/ viðhalds.
- H-8** Í rekstri fyrir orkuver 2; 120mm blenduloki; lokuð 1. og 2. júlí. v/ viðhalds.
- H-9** Í rekstri fyrir orkuver 2; 120mm blenduloki; lokuð 1. og 2. júlí. v/ viðhalds.
- H-10** Í rekstri allt árið, að lang stærstum hluta fyrir orkuver 5 en þó einnig orkuver 1; 110mm Conball blenduloki; lokuð 25. ágúst til 11. sept. v/ viðhalds.
- H-11** Í rekstri fyrir orkuver 2; lokuð 1. og 2. júlí. v/ viðhalds.
- H-12** Holan var tekin úr rekstri í apríl 1998 vegna framkvæmda við orkuver 5 og ekki í rekstri eftir það. Blenduloki settur við holuna í júní 2000.

- H-14** Var í rekstri allt árið fyrir orkuver 1 og orkuver 5 með 70mm blendu utan þess að vera lokuð 25. ágúst til 11. september v/ viðhalds.
- H-16** Í rekstri fyrir orkuver 5; 150mm blenduloki; lokuð 25. ágúst til 11. sept. v/ viðhalds.
- H-18** Í rekstri fyrir orkuver 5; 120mm blenduloki; lokuð 25. ágúst til 11. sept. v/ viðhalds.
- H-19** Í rekstri fyrir orkuver 5; 120mm blenduloki; lokuð 25. ágúst til 11. sept. v/ viðhalds.
- H-20** Í rekstri allt árið fyrir orkuver 5 og orkuver 1 með 80mm blenduloka.
- H-21** Borhola sem boruð var frá des. 2000 til 25. mars 2001 og er 1475 metra djúp. Holan hefur ekki verið afkastamæld og eftir er að leggja lagnir að henni og tengja hana við kerfið.

REYKJANES

- JARÐHITAVINNSLA OG EFNAVÖKTUN 2003

Meðalvinnsla úr gufuholum 9 og 10 á Reykjanesi var um 53 kg/s árið 2003 þar sem vinnsla úr holu 10 er áætluð um 1 milljón tonn. Heildarvinnsla á Reykjanesi frá upphafi er þá orðin rúm 50 milljón tonn.

Þrýstingur á holu 9 á Reykjanesi féll verulega á árinu og hún þornaði jafnframt samkvæmt mælingum. Á árinu dró smá saman af holunni og stíflaðist hún og varð ónothæf. Henni var því að sinni lokað í árslok og í staðin hefur hola 12 verið tengd gufuveitunni til að sinna gufunotkun svæðisins. Í heildina séð benda þrýstímælingamar á Reykjanesi, samkvæmt mælingum á 1300 m dýpi, ekki til verulegs niðurdráttar í jarðhitakerfinu frá 1970 og er þrýstibreytingin yfir allt tímabilið af stærðargráðunni 3 - 4 bör.

Holur 10, 11 og 12 eru nýjar vinnsluholur sem voru blástursprófaðar á árunum 2002 og 2003 og sýni tekin og verður gerð grein fyrir þeim í sérstakri skýrslu frá ÍSOR.

Losun gass úr holum 9 og 10 á Reykjanesi árið 2003 var um 3.680 tonn af koldíoxíði og um 140 tonn af brennisteinsvetni. Heildargaslosun úr holum 8, 9 og 10 á tímabilinu 1970 til 2003 nemur um 63.000 tonnum af koldíoxíði og um 1.900 tonnum af brennisteinsvetni.

RAFORKUFRAMLEIÐSLA

Rekstur véla í heild gekk vel á árinu. Vél 11 (30 MW hverfill) var í fullum rekstri allt árið fyrir utan stopp dagana 25. ágúst til 11. sept. vegna upptektar, viðhalds og hreinsunar. Framleiðslan var um 251,3 GWh sem er 95,63% nýting. Vél 3 (6 MW) var í fullri framleiðslu allt árið fyrir utan 16 daga sem fóru í hreinsunar- og viðgerðar stopp og var nýtingin 92,76%. Sameiginleg nýtni sjö Ormat hverfla var um 83,22% en var árið áður um 84%. Heildar raforkuframleiðsla véla á árinu var um 370 GWh og er það svipuð framleiðsla og árið áður. Eigin notkun orkuvers, ásamt dælustöð Fitjum og kaldavatnsveitu var samtals um 28,5 GWh og þar af komu um 2,3 GWh frá Fitjum. Eigin notkun minnkaði á árinu um 1,9%. Til Reykjanes fór um 1,54 GWh frá orkuverinu en frá Reykjanesi komu um 0,28 GWh.

HELSTU REKSTRARSKERÐINGAR VORU ÞESSAR

Þann 25. ágúst til 11. september var vél 11 (30 MW hverfill) úti vegna upptektar, hreinsunar og viðhalds og einu sinni fór vélin út vegna viðvörunar. Stöðva varð vélina einu sinni stutt vegna bilunar í stjórnmólukerfi og tvisvar fór vélin út, stutt í senn, þegar reynt var að framkvæma viðgerð í rekstri. Skerðing á framleiðslu í heild, með upptekt, var um 13 GWh.


Tímabilið 17. júní til 3. júlí var vél 3 (6 MW) úti vegna árlegrar upptektar og hreinsunar á hverfli og upptektar á gufuveitu. Heildar rekstrarskerðing var um 2,3 GWh.

Dagana 1. til 3. júlí voru allir sjö Ormat hverflar stöðvaðir vegna upptektar á gufuveitu orkuvers 2 og vegna endurnýjunar á gufustofnlögn að orkuveri 4. Skerðing vegna þessa var um 0,5 GWh. Ormat hverflar fóru 9 sinnum út vegna bilana eða truflana frá netinu og auk þess voru Ormat hverflar teknir út 10 sinnum vegna ýmskonar viðhaldsvinnu. Heildar skerðing raforku frá Ormathverflum vegna upptektar, viðhalds og truflana var um 1,53 GWh.

Terry hverfill á Reykjanesi fór 6 sinnum út vegna nettruflana og bilana og þá var hverfillinn stöðvaður 4 sinnum vegna ýmskonar viðhalds.

Skráðar rekstrartruflanir á árinu voru 37 talsins, flestar smáar og K-8 nettengi rofi fór 5 sinnum út vegna truflana frá neti.

Orkuöflun hitaveitu í Vestmannaeyjum



ORKUÖFLUN HITAVEITU VESTMANNAEYJUM

	2003 KWh	2003 %	2002 KWh	2002 %	Breyting %
Raforka	49.761.840	79,39%	53.382.600	82,45%	-6,78%
Sorpeyðingarstöð	6.762.285	10,79%	7.104.436	10,97%	-4,82%
Olía	464.550	0,74%	287.850	0,44%	61,39%
Úrgangur	1.145.555	1,83%	2.106.218	3,25%	-45,61%
Orka FES	2.434.813	3,88%	1.862.935	2,88%	30,70%
Orka FIVE	2.108.180	3,36%	0	0,00%	100,00%
	62.677.223	100,00%	64.744.039	100,00%	3,30%





VATNSDEILD

SUÐURNES

Hitaveita

Á árinu voru lagðir um 6,8 km dreifikerfis, en aftengdir voru 1,4 km og munar þar mest um aftengingu Rockville. Lenging dreifikerfisins varð því um 5,4 km og er það nú um 314 km. Pípulengd aðveitu- og stofnæða er um 63 km og heildarlengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis því um 377 km.

Lagt var inn í 140 hús á árinu en 26 hús voru aftengd og fjölgaði inntökum því um 114 á árinu. Fjöldi inntaka í árslok var 5.153, hemlagrindur voru 5.461 og mælagrindur 214 og

hemla- og mælagrindur því samtals 5.675.

Stærsta framkvæmdin var við Vogaað milli Innri Njarðvíkur og Voga. Endurnýjaðir voru um 3,8 km, sem er um helmingur æðarinnar, og pípan stækkuð úr 150 mm í 250 mm til að auka flutningsgetu.

Helstu viðhaldsverkefni voru málun miðlunargeyma á Fitjum og Keflavíkurflugvelli. Á Grindavíkurgeymi var endurnýjað þak þ.e. áklæðning, timbur og einangrun og einnig voru sementkústaðir steypir veggir og hluti bols málaður.

Við eftirlit á grindum og inntökum voru skoðaðar 1.739 grindur, þar af 833 grindur vegna notendaskipta og annara

TENGT HÚSNÆÐI 31.12.2003

	Íbúð. húsn. m ³	Annað m ³	Alls m ³	%	l/mín	Íbúafj. 01.12.03	%	Tonn húshitun	%
Keflavík	1.253.646	568.954	1.822.600	40,38%	8.145			42.367	
Njarðvík	430.454	368.389	798.843	17,70%	2.794			48.578	
Njarðvík - Flugvöllur	0	69.825	69.825	1,55%	304			0	
Hafnir	17.635	1.522	19.157	0,42%	114			9.553	
	1.701.735	1.008.690	2.710.425	60,05%	11.357	10.907	64,42%	100.498	51,53%
Grindavík	351.846	220.328	572.174	12,68%	2.661	2.421	14,30%	81.481	11,44%
Sandgerði	186.287	139.492	325.779	7,22%	1.404	1.393	8,23%	0	6,58%
Sandgerði - Flugstöðvarsvæði	0	487.659	487.659	10,80%	0	0	0,00%	350.736	0,00%
	186.287	627.151	813.438	18,02%	1.404	1.393	8,23%	350.736	6,58%
Garður	180.648	61.089	241.737	5,36%	1.199	1.283	7,58%	2.836	6,06%
Vogar	122.473	53.501	175.974	3,90%	808	928	5,48%	15.505	4,38%
Alls	2.542.989	1.970.759	4.513.748	100,00%	17.429	16.932	100,00%	551.056	80,00%
Varnarliðið	662.318	1.179.480	1.841.798		12.363			0	
Alls	3.205.307	3.150.239	6.355.546		29.792			551.056	
Vestmannaeyjar	398.703	240.000	638.703		0			799.431	
Alls	3.604.010	3.390.239	6.994.249		29.792			1.350.487	

verkbeiðna. Af þessum 1.739 grindum reyndust 86% vera í lagi, strax var gert við 2% en stærri viðgerðir voru í um 12% tilfella.

Af öðrum viðhaldsverkefnum má nefna viðhald brunna og endurnýjun og málun útloftana.

Kalt vatn

Deildin tók við rekstri vatnsveitu í Reykjanesbæ, þ.e. í Keflavík, Njarðvík og Höfnum, þann 1. september 2003. Frá september til áramóta voru lagðar 2 nýjar heimæðar og 38 heimæðar endurnýjaðar alveg eða að hluta. Stofnæð í Hafnargötu hefur verið endurnýjuð samhliða endurbyggingu götunnar. Í Höfnum voru dælur endurnýjaðar í báðum dæluhúsum. Í Garði var endurnýjaður hluti lagna í dælustöð Ámarétt og þar var einnig þríf-inn og sementkústaður miðlunargeymir. Miðlunargeymir Skálareykjum var þríf-inn og sementkústaður, einnig var geymirinn hreinsaður að utan og málaður.

VESTMANNAEYJAR

Hitaveita

Tekjur hitaveitu voru 183 m.kr. og hækkuðu um tæp 5% milli ára. Stærsti útgjaldaliður veitunnar er orkuöflun sem gekk nokkuð vel og kom ekki til skerðingar á afgangsortu frá Landsvirkjun. Um 79,4% af orkuþörf kemur frá afgangsortu, fiskimjölsværsmiðja FES og FIVE skiluðu um 7,3% af orkuþörf, sorpbrennsla 10,8% og úrgangsolía sem hreinsuð er í kyndistöð skilaði 1,8%, en hún er aðallega nýtt í bilana- og viðgerðatilfellum. Aðkeypt olía, sem er dýrust af orkugjöfum veitunnar, var aðeins 0,7% af orkuþörf hennar.

Ekki voru miklar framkvæmdir hjá hitaveitu á árinu, en nokkuð var unnið við endurnýjun búnaðar í kyndistöð. Settar voru upp tvær nýjar hraðastýrðar dælur fyrir bakrásarvatn inn á efra og neðra dreifikerfi veitunnar, en fyrsti hluti endurnýjunnar dælubúnaðar í kyndistöð var unninn í fyrra. Varmaskiptir 3 var endurnýjaður, en hann sér um að súrefnistæma það vatn sem fer inn á dreifikerfið, í stað þess vatns sem tapast. Sett voru upp ný og af-

ÝMSAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI REKSTUR 2003

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Kefla- vík	Grinda- vík	Njarð- vík	Sand- gerði	Garður	Vogar	Hafnir	Byggð samtals
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir	24.255	11.941	21.334	7.432	14.891	14.885	0	94.738
Rúmmál tengdra húsa - annað	4.319	1.230	36.014	2.400	2.423	0	0	46.386
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir	0	0	0	0	0	0	0	0
Rúmmál aftengdra húsa - annað	0	0	0	0	0	0	0	0
	28.574	13.171	57.348	9.832	17.314	14.885	0	141.124
Sala um mæla húsh. (m³)	42.367	81.481	48.578	350.736	2.836	15.505	9.553	551.056
Sala til sundlauga (m³)	130.493	98.343	21.591	56.399	61.864	32.018	0	400.708
Sala um mæla iðnaðarmota (m³)	44.461	108.382	17.014	25.809	12.173	2.714	0	210.553
Sala til sérstakra iðnaðarmota (m³)	0	1.345	46.632	9.565	104.969	221.205	0	383.716
	217.321	289.551	133.815	442.509	181.842	271.442	9.553	1.546.033
Sala á ferskvatni (m³)	3.957.326*	811.371	817.093	435.190	490.837	0	12.551	6.524.368
Sala um hemla 1.1.2003 l/m	8.078	2.584	3.005	1.458	1.132	739	114	17.110
Sala um hemla 31.12.2003 l/m	8.145	2.661	3.098	1.404	1.199	808	114	17.429
Viðbætur 2003 %	0,83%	2,98%	3,09%	-3,70%	5,92%	9,34%	0,00%	1,86%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði svo og Rockville, sem skýrir minnkun í Sandgerði.

Byggingar á Varnarsvæðinu sem HS selur beint til eru taldar með Njarðvík.

*Í Keflavík er bæði um „sölu“ og „notkun“ að ræða eftir kaup HS á Vatnsveitu Reykjanesbæjar. Flugvöllur er þar einnig meðtalinn.





kastameiri hreinsitæki fyrir það vatn sem sett er á rafskautaketilinn, ásamt því að smíðað var hús utan um búnaðinn til að uppfylla kröfur um hollustuhætti í stöðinni. Smíðaðir voru þrír nýir olíutankar sem setja á upp við stöðina, en gömlu tankarnir eru orðnir nokkuð lúnir. Olíudreifing sá um að útvega tankana en HS mun sjá um að koma þeim fyrir og tengja. HS og Olíudreifing hafa átt gott samstarf um eyðingu úrgangolíu sem til fellur í Eyjum og útvega þeir umrædda tanka vegna þess samstarfs.

Í árlegri skoðun á rafskautakatli var skipt um einangrara ásamt nokkuð af rafskautum. Einnig var hringrásardæla sem sér

um að dæla vatni milli hvolfra á katlinum endurnýjuð.

Unnið var áfram við endurnýjun á hitaveituinntökum húsa. Einnig var unnið í viðhaldi brunna, skipt var um 15 lofttúður, brunnar þrífir ásamt því að mannop og stigar voru lagaðir.

Lagðar voru tíu nýjar heimæðar. Unnið var áfram við mælskipti hjá veitunni og sá verktaki um þá vinnu. Skipt var út 89 rennismælum og verður haldið áfram með þá vinnu.

Á hitaveitusviði þarf áfram að vinna markvisst að stækkun dreifikerfis. Leggja þarf dreifikerfi út á Eiði ásamt að skoða tengimöguleika upp á Brekkugötu og inn Höfðaveg. Vinna þarf áfram að viðhaldi brunna, en nokkuð hefur áunnist í viðhaldi þeirra undanfarin ár.

Skipta þarf um klæðningu á kyndistöð þar sem farið er að sjá nokkuð á elsta hluta hennar. Einnig þarf að ráðast í endurbætur á loftskiptum kyndistöðvar, en opna þarf fyrir loftræstingu uppi við varmaskipta. Mikið starf bíður við að kanna til hlítar hvort hægt sé að nýta jarðvarma til húshitunar í Eyjum. Niðurstöður rannsókna sýna að undir Eyjum eru 60 til 70 °C heitar æðar sem skoða þarf vel hversu mikið er hægt að fá úr með dælingu. Ef borað yrði sunnan Eldfells niður á allt að 2.000 m gætu komið fram nýjar vísbendingar sem breyttu stöðu orkuöflunar fyrir hitaveitu í Eyjum. Samhliða þessari vinnu þarf að ræða við ríkisvaldið hvernig mæta má þeirri fjárhagslegu áhættu sem þessum rannsóknum fylgja. Ef góður árangur næst með borun þá falla niðurgreiðslur til húshitunar í Eyjum niður, en í þess stað fær veitan greiðslu frá ríkinu sem nemur niðurgreiðslum í 5 ár samkvæmt nügildandi lögum, en til stendur að lengja þennan endurgreiðslutíma í 8 eða 10 ár. Nú háttar þannig til, að upphæð niðurgreiðslna er það há, að þó árangur verði góður, þá dugir það varla til að lækka húshitunarkostnað í Eyjum.

Kalt vatn

Rekstur vatnsveitu gekk erfiðlega á árinu þar sem alvarleg bilun kom upp í annarri neðansjávarleiðslunni til Eyja. Erfiðlega

Varnarliðið	Samtals	Vestmannaeyjar	Samtals
0	94.738	0	94.738
0	46.386	0	46.386
-1.087	-1.087	0	-1.087
0	0	0	0
-1.087	140.037	0	140.037
0	551.056	799.431	1.350.487
0	400.708	0	400.708
4.849	215.402	353.642	569.044
0	383.716	0	383.716
4.849	1.550.882	1.153.073	2.703.955
0	6.524.368	607.037	7.131.405
12.878	29.988		29.988
12.363	29.792		29.792
-4,00%	-0,65%		-0,65%


HEMLAR OG MÆLAR

Staður	HEMLAR			MÆLAR		
	Fjöldi 31.12.02	Breyting 2003	Fjöldi 31.12.03	Fjöldi 31.12.02	Breyting 2003	Fjöldi 31.12.03
Keflavík	2.320	13	2.333	49	0	49
Grindavík	774	24	798	53	2	55
Njarðvík	794	35	829	31	0	31
Sandgerði, Rockville	453	-5	448	26	-1	25
Garður	396	28	424	22	1	23
Vogar	255	28	283	10	0	10
Hafnir	45	0	45	1	1	2
	5.037	123	5.160	192	3	195
Keflavíkurlugvöllur (USA)	268	1	269	1	1	2
Keflavíkurlugvöllur (Ísl.)	23	1	24	2	0	2
Radarstöð H1	1	0	1	0	0	0
Fjarskiptastöð Grindavík	4	0	4	0	0	0
Keflavíkurlugvöllur	296	2	298	3	1	4
Flugstöðvarsvæði	3	0	3	15	0	15
Samtals	5.336	125	5.461	210	4	214
Vestmannaeyjar	0	0	0	1.408	3	1.411
Samtals	5.336	125	5.461	1.618	7	1.625

DREIFIKERFI OG HEIMÆÐAR

	DREIFIKERFI (Pípulagnir)			HEIMÆÐAR (Inntök)		
	Lengd 31.12.02	Viðbætur 2003	Lengd 31.12.03	Fjöldi 31.12.02	Viðbætur 2003	Fjöldi 31.12.03
Keflavík	85.718	678	86.396	2.036	12	2.048
Grindavík	41.535	1.122	42.657	769	30	799
Njarðvík	39.521	1.202	40.723	777	28	805
Sandgerði - Rockville	26.102	1.120	27.222	452	-14	438
Garður	24.871	925	25.796	394	31	425
Vogar o.fl.	17.246	430	17.676	252	28	280
Hafnir	2.988	0	2.988	45	0	45
H - 1	674	0	674	1	0	1
Flugvöllur	65.679	-41	65.638	301	-1	300
Flugstöð	4.114	0	4.114	12	0	12
Samtals	308.448	5.436	313.884	5.039	114	5.153
Vestmannaeyjar	69.100	1.100	70.200	1.423	11	1.434
Samtals	377.548	6.536	384.084	6.462	125	6.587

Heildarlengd á pípum í kerfinu á Suðurnesjum er nú 313,9 km. Á Keflavíkurlugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi og einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispípur 813 metrar. Lenging lagna í dreifikerfinu var 1,76% á árinu 2003 (var 1,58% 2002). Lenging lagna í dreifikerfinu, utan flugvallar var 2,30% á árinu 2003 (var 2,06% 2002). Viðbótarfjöldi inntaka í byggðum, utan flugvallar, var 2,43% á árinu 2003 (var 2,23% 2002).





ÝMSAR UPPLÝSINGAR UM BORHOLUR Í SVARTSENGI

HÁHITAHOLUR

Borhola	Boruð	Dýpt	Vinnslu fóðring	Framl. 2003 millj. t.	Framl. alls millj. t.	Niðurd. alls millj. t.	Tengd við	Athugasemdir
SVA H001	1971	262	10"	0,000	0	0		Köld hola - aldrei virkjuð.
SVA H002	1972	239	9"	0,000	0	0		Ónothæf- fyllt af steypu 1983.
SVA H003	1972	402	8"	0,000	3,823	0,000		Notkun hætt 1981; fyllt af steypu 1987.
SVA H004	1974	1.713	9 5/8"	0,000	2,365	0,000		Notkun hætt 1979; fóðring skemmd, fyllt af steypu 2000.
SVA H005	1974	1.519	9 5/8"	0,000	8,517	1,508		Notkun hætt 1988; fóðring skemmd, fyllt af steypu 1993.
SVA H006	1978	1.998	9 5/8"	0,000	11,219	2,307		Notkun hætt 1990; skemmdist í hreinsiborun 1991.
SVA H007	1979	1.438	13 3/8"	1,510	35,312	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H008	1979	1.604	13 3/8"	1,550	36,423	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H009	1979	994	13 3/8"	1,550	35,315	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H010	1980	425	13 3/8"	0,930	12,906	0,000	OV-5 & 1	Gufuhola.
SVA H011	1980	1.141	13 3/8"	2,100	37,127	0,000	OV-2	Tvífasa hola.
SVA H012	1981	1.488	13 3/8"	0,000	11,368	4,738		Tvífasa hola, notuð til mælinga.
SVA H013	1981	60		0,000	0	0		Höggborshola sem er ónotuð.
SVA H014	1993	612	8 5/8"	0,210	1,651	0,000	OV-1 & 5	Gufuhola sem var tengd síðla árs 1995.
SVA H015	1992	140	8 5/8"	0,000	0	0		Rannsóknarhola v/ þrýstings í gufupúða.
SVA H016	1998	448	13 3/8"	1,010	4,463	0,000	OV-5	Gufuhola sem var tengd 1999.
SVA H017	1998	1.260	13 3/8"	0,000	0	6,030		Niðurdælingahola tengd 1999.
SVA H018	1998	1.855	13 3/8"	1,030	4,868	0,000	OV-5	Tvífasa hola tengd 1999.
SVA H019	1998	1.600	13 3/8"	0,920	4,797	0,000	OV-5	Tvífasa hola tengd 1999.
SVA H020	2000	430	13 3/8"	0,310	0,885	0,000	OV-5 & 1	Gufuhola tengd 2000.
SVA H021	2001	1.427	13 3/8"	0,000	0	0,000	OV-5	Tvífasa hola - verður tengd ????
Samtals	21.055			11,120	211,039	14,583		
Niðurdæling				-3,550	-14,583			
Nettó jarðhitavinnsla				7,570	196,456			
EG -2	1982	1.265	13 3/8"					Eldvörp, notuð til túristagosa.
TRÖ H001	2001	2.307	13 3/8"					Trölladyngja; tilraunahola.
RNG-8	1969	1.754	9 5/8"	0,00	20,930			Reykjanes; ónothæf - fyllt af steypu 1993.
RNG-9	1983	1.445	13 3/8"	0,73	28,310		Salt.v.	Reykjanes; skemmd eftir hreinsiborun.
RNG-10	1999	2.054	13 3/8"	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk febrúar 1999.
REY H011	2002	2.248	13 3/8"	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk maí 2002.
REY H012	2002	2.506	13 3/8"	0,95	0,950			Reykjanes; borun lauk desember 2002.
REY H013	2003	2.457	13 3/8"	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk apríl 2003.
REY H014	2004	2.306	13 3/8"	0,00	0,000			Reykjanes; borun lauk janúar 2004.
REY H015	2004	804	13 3/8"	0,00	0,000			Reykjanes; er í borun; lýkur væntanlega í mars 2004.
Samtals	15.574			1,68	50,190			

gekk að finna bilunina og voru ýmsar aðferðir reyndar, þar til menn fundu það út að hægt væri að soga sjó inn í leiðsluna og mæla ferðahraða hans frá bilun til Eyja með leiðnimæli. Reyndist bilunin vera tæpa 6 km frá Eyjum eða tæpan 1 km norðan við Elliðaey á um 50 m dýpi. Þegar búið var að sannreyna staðsetningu með myndum frá neðansjávarmyndavél var hafist handa við að koma viðgerðabaulu á bilunina. Kafarar komu ryðfrírri baulu yfir gatið, en þegar þrýstingur var aftur settur á leiðsluna kom annað gat á hana fáeinum metrum frá fyrra gatinu. Var þá ljóst að leiðslan var illa farinn á alllögum kafla og að smíða þurfti viðgerðabaulur á um 50 m. kafla eða skipta henni út. Þegar búið var að leita ráða hjá sérfræðingum framleiðanda var ljóst, að ekki væri mögulegt að skipta út litlum hluta leiðslunnar þar sem hún var það illa farinn á alllögum kafla. Var þá hafist handa við að hanna viðgerðabaulur til að setja utan um leiðsluna. Var Skipalyftan í Vestmannaeyjum fengin til að smíða hlífur úr jární sem mynda áttu hálfmána, sem raða átti utan um leiðsluna þannig að samskeyti kæmu alltaf á miðja næstu hlíf, sem liggja á fyrir ofan eða neðan viðkomandi hlíf. Hlífarnar voru hafðar meter á lengd, með gúmmífóðringu sem herða á vel utanum leiðsluna. Samhliða smíðinni var samið við kafara um að koma hlífunum á leiðsluna, en aðstæður á bilunarstað eru afar erfiðar þar sem straumar eru miklir og veður við Eyjar ótrýgg.

Þegar farið var að skoða ástæðu þess að bilunin kom upp varð ljóst, að leiðslan er farinn að léttast mikið í sjó. Stálarmering og

galviniseraðar plötur, sem snúnar eru utanum leiðsluna, eru farnar að tærast mikið og losna utan af leiðslunni. Í ljósi þessa var ákveðið að setja 60 st. af 4,5 tonna steypuklossum yfir leiðsluna með 50 m millibili á um 3 km kafla. Var þetta ákveðið eftir að leitað hafði verið ráða hjá Siglingamálastofnum og þeir reiknað út að kraftarnir sem geta virkað á leiðsluna eru um 100 kg/m.

Mikið mæddi á starfsmanni veitunnar á fastalandinu meðan á biluninni stóð. Vaka þurfti yfir dælunum þegar álagði var sem mest og dælt á fullum afköstum til að koma sem mestu vatni yfir til Eyja, en á sama tíma reyndi mikið á allann búnað, ásamt því að passa þurfti þrýsting að dælum. Samhliða þessum vandræðum þurfti að spara vatn í Eyjum eins og kostur var og var brugðið á það ráð, að fella þrýsting á hluta dreifikerfisins, ásamt að vatn var tekið af höfninni á þeim stöðum, þar sem ekki var löndun. Bæjarbúar voru einnig hvattir til að fara vel með vatn og verður að segjast eins og er, að með hjálp allra bæjarbúa tókst að komast hjá vatnsskorti þegar mest lá við.

Rekstrartekjur vatnsveitu voru 43 millj.kr. og jukust um 5% en á sama tíma jukust rekstrargjöld úr 22 millj.kr í tæpar 62 millj.kr. vegna kostnaðar við viðgerð leiðslunnar.

Á árinu urðu 14 bilanir í dreifikerfi vatnsveitu. Í 9 tilfellum var um lélega jarðvinnu að ræða þar sem ekki var nægilega vel sandað undir leiðslur, í einu tilfelli bilaði tengistykki, vinnuvél fór einu sinni í lögn en í hinum tilfellunum var um efnisgalla að ræða. Ein bilun varð á stofnlögn í landi.

HITAVEITA SUÐURNESJA - RAFORKA

Sala / Notkun

2003 - 2002

KWh

	Alm.taxtar	Hitataxtar	Roft. ofl.	Afltaxtar	Samtals
Suðurnes 2003	68.870.440	4.362.380	1.479.996	56.584.485	131.297.301
Suðurnes 2002	70.190.276	4.466.977	2.098.430	51.802.480	128.558.163
Breyting %	-1,88%	-2,34%	-29,47%	9,23%	2,13%
Hafnarfjörður 2003	77.654.507	1.218.562	5.425.062	16.377.500	100.675.631
Hafnarfjörður 2002	83.423.575	1.591.835	5.417.279	14.368.780	104.801.469
Breyting %	-6,92%	-23,45%	0,14%	13,98%	-3,94%
Vestmannaeyjar 2003	16.736.187	6.754.574	0	17.556.189	41.046.950
Vestmannaeyjar 2002	16.282.070	6.698.384	122.909	17.329.430	40.432.793
Breyting %	2,79%	0,84%	-100,00%	1,31%	1,52%
Samtals 2003	163.261.134	12.335.516	6.905.058	90.518.174	273.019.882
Samtals 2002	169.895.921	12.757.196	7.638.618	83.500.690	273.792.425
Breyting %	-3,91%	-3,31%	-9,60%	8,40%	-0,28%
% af heild	37,88%	2,86%	1,60%	21,00%	63,35%





Lagðar voru 8 nýjar heimtaugar og endurnýjaður var einn brunahani á árinu, en ástand brunahana í bænum verður að teljast nokkuð gott þó enn séu 18 gamlir brunahanar í bænum. Unnið var að hönnuð á tengi- og öryggisbúnaði á Skanni þar sem neðansjávarleiðslur koma í land. Keypt var dæla til að létta á mótþrýstingi frá Eyjum á neðansjávarleiðslum, en með henni ætti sjálfrennsli til Eyja að aukast nokkuð og þar með gæti kostnaður við dælingu frá landi sparast. Unnið var að því að setja heyböggla á stofnæð í landi þar sem hún fer yfir sandinn, sunnan við Bakkaflugvöll og niður í dælustöð. Einnig var unnið við byggingu tveggja kranahúsa við stofnlögnina þar sem hún fer undir Markafljótið, en búið er að setja nýjar lagnir undir fljótið. Á árinu voru endurnýjaðir 213 vatnssölumælur.

Áfram þarf að vinna að lagfæringu á vatnleiðslunni milli lands og Eyja. Klára þarf að setja nýtt ytra byrði á leiðsluna á þeim hluta hennar sem ekki er hulinn sandi, en það er frá inn-

siglingu og ca. 1,5 km norður fyrir Elliðaey. Setja þarf samskonar hlífur á leiðsluna íundi milli Heimaeyjar og Elliðaeyjar þar sem leiðslan skemmdist fyrir nokkrum árum og búið er að laga með riðfríum baulum. Skoða þarf vel hvort hægt er að koma öflugum hlífum á leiðsluna á þeim stað norðan Elliðaeyjar þar sem hún fer yfir hana klakk og þaðan niður í dýpið. Samhliða þessum framkvæmdum þarf að fylgjast vel með hreyfingum á leiðslunni og finna út hvort það farg sem til stendur að setja á leiðsluna geti skaðað hana við hreyfingu. Þessar framkvæmdir geta lengt endingatíma leiðslanna um nokkur ár.

Ef ljóst verður að ekki er mögulegt að byggja jarðgöng til Eyja eða tíminn þar til ráðist verður í þá framkvæmd verður of langur fyrir vatnsleiðsluna, þá verður að fara fram vönduð undirbúningsvinna við lagningu nýrrar vatnslagnar til Eyja. Vatnið er Eyjamönnum sem og öðrum landsmönnum lífsnauðsynlegt.

Varnarlið	Ótryggð sala	Götu- lýsing	Eigin- not	Töþ o.fl.	Samtals
67.290.060	27.044.124	3.600.000	27.324.149	7.444.770	264.000.404
67.216.624	32.558.850	3.500.000	28.186.052	9.472.540	269.492.229
0,11%	-16,94%	2,86%	-3,06%	-21,41%	-2,04%
0	0	4.500.000	0	5.892.059	111.067.690
0	0	4.400.000	0	-4.237.469	104.964.000
		2,27%		-239,05%	5,82%
0	13.160.957	960.000	0	721.752	55.889.659
0	1.147.642	950.000	0	1.172.644	43.703.079
		1,05%		-38,45%	27,88%
67.290.060	40.205.081	9.060.000	27.324.149	14.058.581	430.957.753
67.216.624	33.706.492	8.850.000	28.186.052	6.407.715	418.159.308
0,11%	19,28%	2,37%	-3,06%	119,40%	3,06%
15,61%	9,33%	2,10%	6,34%	3,26%	100,00%

ORKUÖFLUN

Landsvirkjun - forgangsorka Suðurnes	
Landsvirkjun - forgangsorka Hafnarfjörður	
Rarik - Vestmannaeyjar	

Landsvirkjun - ótryggð orka Suðurnes	
Rarik - ótryggð orka Vestmannaeyjar	

Orkuver Svartsengi	
Terri Reykjanesi	
Vélar Hafnarfirði	
Vélar Vestmannaeyjum	

Eigið orkuver - stóriðja	
--------------------------	--

SKIPTING ORKUNOTKUNAR

Forgangsorka - sala Suðurnesjum	
Forgangsorka - sala Hafnarfirði	
Forgangsorka - sala Vestmannaeyjum	
Forgangsorka - varnarliðið	

Ótryggð orka	
--------------	--

Eigin notkun	
Götulýsing	
Töp o.fl.	

GREIDD ORKUKAUP

Landsvirkjun - Suðurnes	
Landsvirkjun - Hafnarfjörður	
Rarik - Vestmannaeyjar	

Ótryggð orka	
--------------	--

EIGIN FRAMLEIÐSLA OG NOTKUN HENNA

Framleiðsla Suðurnesjum	
-------------------------	--

TIL LANDSVIRKJUNAR SAMKVÆMT SAMNINGUM	
TIL ALMENNAR ENDURSÖLU	
EIGIN NOTKUN - DÆLUSTÖÐ	
EIGIN NOTKUN	
TÖP REYKJANESI	

2003	2002	Breyting
-20.685.000	-25.852.000	-19,99%
111.067.000	104.964.000	5,81%
42.704.000	42.491.130	0,50%
133.086.000	121.603.130	9,44%
27.046.000	32.556.000	-16,92%
13.160.957	1.145.509	1048,92%
173.292.957	155.304.639	11,58%
368.470.204	366.625.159	0,50%
1.473.200	3.031.070	-51,40%
690	0	
24.702	66.440	-62,82%
369.968.796	369.722.669	0,07%
-112.304.000	-106.868.000	5,09%
257.664.796	262.854.669	-1,97%
430.957.753	418.159.308	3,06%
131.297.301	128.558.163	2,13%
100.675.631	104.801.469	-3,94%
41.046.950	40.432.793	1,52%
67.290.060	67.216.624	0,11%
340.309.942	341.009.049	-0,21%
40.205.081	33.706.492	19,28%
380.515.023	374.715.541	1,55%
27.324.149	28.186.052	-3,06%
9.060.000	8.850.000	2,37%
14.058.581	6.407.715	119,40%
430.957.753	418.159.308	3,06%
55.532.000	68.279.000	-18,67%
111.067.000	104.964.000	5,81%
42.704.000	42.491.130	0,50%
209.303.000	215.734.130	-2,98%
40.206.957	33.701.509	19,30%
249.509.957	249.435.639	0,03%
369.943.404	369.656.229	0,08%
186.520.000	200.999.000	-7,20%
156.099.255	140.471.178	11,13%
5.484.500	6.366.500	-13,85%
21.168.614	21.301.196	-0,62%
671.035	518.355	29,45%
369.943.404	369.656.229	0,08%





RAFMAGNSDEILD

SUÐURNES

Aðveita

Yfirlitsskoðanir á háspennulínunum voru framkvæmdar samkvæmt áætlun. Lokið var við að skipta um kaðal á millislá mastranna í 132kV línunum, en kaðallinn gegnir því hlutverki að dempra titring á möstrunum.

Annar tappastillirinn í aðveitustöð á Fitjum var tekinn og hreinsaður og yfirfarinn. Innri skoðanir á aðveitustöð í Aðalgötu og Bola-fæti voru framkvæmdar og lagfæringum við þær komið af stað.

Dreifing háspennu

Lagðir voru rúmir 3 km af 12 kV streng á Suðurnesjum á árinu. Helstu verkefni voru þessi. Lagður var strengur frá dreifistöð DRE 016 í Gróf að nýrri stöð á Berginu. Með þessari nýju dreifistöð eru spennuvandamál á Berginu úr sögunni og næg raforka tiltæk fyrir nýja götu sem þar er væntanleg. Farið var inná streng frá aðveitustöð í Garði til að tengja nýja dreifistöð við Lindartún. Frá dreifistöðinni við Lindartún var einnig lagður strengur að dreifistöð 407 við Hraunholt og áfram þaðan að gömlu aðveitustöðinni. Háspennustrengur við Reykjanesbraut var færður út fyrir mislægu gatnamótin á Vatnsleysu og þurfti að leggja við það um 1 km streng. Einnig voru endurnýjaðar fjórar dreifistöðvar, ein við Húsatóftir, en sú stöð var í gám sem var að ryðga í sundur, síðan við Hraunbraut í Grindavík þar sem HS tók þátt í kostnaði við flutning/endurnýjun á móti bænum vegna breytingar á skipulagi. Þá var sett niður ný dreifistöð við Básveg sem mun leysa af gamla stöð sem þar er í fiskverkunarhúsi og verður hún tengd árið 2004. Á Vatnsleysuströnd var lokið við að tengja aðveitustöðina í Vogum og Vatnsleysu saman á 12 kV, en þar hafði einungis verið tenging á 36kV, en þessi tenging minnkar truflun af völdum vinnu við dreifikerfið.

Dreifing lágspennu

Lokið var við lagningu dreifikerfis í Lágseylu og Steinás/Klettás í Njarðvík og Melteig í Garði. Lagt var dreifikerfi í Lindartún og hluta Silfurtúns í Garði ásamt Bogabraut og Þóroddsstaðahverfi í Sandgerði. Lautarhverfi í Grindavík er nýtt hverfi og var stofnlögn kláruð í því. Miklar framkvæmdir hafa verið við Hafnargötu í Keflavík og dreifikerfið þar endurnýjað að miklu leyti. Tenging nýs dreifikerfis við Faxabraut og Vatnsnesveg var haldið áfram og nú eru einungis eftir fjögur fjölbýli við Faxabraut sem verða kláruð árið 2004. Talsverðar breytingar voru á lögunum við Fjölbautarskóla Suðurnesja vegna viðbyggingar við hann. Í Sandgerði var endurnýjað að hluta til dreifikerfið í Túngötu um leið og aðrar lagnir.

Alls voru tengdar 163 heimtaugar á Suðurnesjum auk 40 vinnuheimtauga. Stærri heimtaugar voru ein 900A, ein 600A og þrjár 300A auk nokkurra 100A-200A. Við dreifikerfið er unnið samkvæmt áætlun um skoðanir á virkjum og lagfæringum eftir skoðanimar. Þessi vinna hefur gengið samkvæmt áætlun um að allt kerfið verði skoðað á 6 árum. Að þeim tíma liðnum verður kerfið mun áreiðanlegra en það er nú, en það telst þó mjög gott fyrir.

Helstu bilanir á Suðurnesjum voru seltutruflanir á Hafnalínu sem stóð í u.þ.b. hálf tíma í janúar. Á Reykjanesbraut sagaði rafverktaki háspennustreng í sundur 25. mars og olli það straumleysi á götulýsingunni og truflun á Vatnsleysuströnd. Jarðýta tók háspennustrenginn til Hafna í sundur við Patterson 20. mars og olli það straumleysi í Höfnum í 9 tíma. Í riðbreytistöðinni varð vart við olíusmit sem var lagað og tók vél II álagið á vellinum á meðan að mestu leyti. Einnig varð bilun í liðum í riðbreytistöðinni sem ullu truflun á vallarsvæðinu. Bilun varð í stjórntölvu götulýsingarinnar og þurfti að handstýra götuljósunum meðan varahlutur var fenginn frá Þýskalandi.

HAFNARFJÖRÐUR

Aðveita

Vegna stækkunar á nýja byggingarsvæðinu á Völlum í Hafnarfirði varð að færa 132 kV Hafnarfjarðarlínu (HF1) þar sem hún lá í gegn um nýja byggingarsvæðið og var línán færð austur og suður fyrir svæðið. Línán sem tekin var niður var 1.072 m og nýja línán er 1.466 m löng. Teknir voru niður 6 burðarstæður og eitt stagað hormastur og reistar 7 burðarstæður og 3 stöguð horn. Eftir þessa færslu línunnar er gert ráð fyrir að hún fái að standa í nokkur ár, en síðan verði hún lögð í jörð.

Dreifing háspennu

Lagðir voru tæplega 8.000 metrar af 12 kV streng á Hafnarfjarðarsvæðinu árið 2003. Helstu verkefni voru þessi: Lagður var 1.500 m strengur milli dreifistöðvar Hólmatún og Bjarnastaða á Álftanesi og er þá komin hringtenging á háspennukerfinu á stórum hluta á Álftanesi. Einnig var lagður háspennustrengur að nýrri dreifistöð við Breiðumýri á Álftanesi, en hún þjónar nýju hverfi sem byrjað var á á árinu. Í bryggjuhverfinu í Garðabæ voru lagðir tæplega 1.000 m af háspennustreng að nýrri dreifistöð við Strandveg og frá henni að næstu stöð sem verður sett upp árið 2004. Vegna færslu á dreifistöð við Sólvang í Hafnarfirði var lagður um 400 m háspennustrengur. Vegna nýrrar dreifistöðvar fyrir steypustöð í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni var lagður 400 m háspennustrengur. Einnig var lagður um 300 m háspennustrengur vegna nýrrar dreifistöðvar fyrir steypustöð við Norðurhraun í iðnaðarhverfinu í Molduhrauni í Garðabæ. Á Völlum í Hafnarfirði var lagður um 700 m af háspennustreng að nýrri dreifistöð sem sett verður upp í febrúar 2004 við Engjaveili. Lagður var um 900 m háspennustrengur að iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni í Hafnarfirði og er þá komin hringtenging að hverfinu sem eykur rekstraröryggi þar verulega.

Settar voru upp og tengdar fjórar nýjar dreifistöðvar á árinu 2003. Einnig var dreifistöðin við Sólvang endurnýjuð og færð í leiðinni vegna breytinga á skipulagi og dreifistöðin við Bjarnastaði á Álftanesi endurnýjuð, en háspennurofarnir í henni voru orðnir lélegir og einnig þurfti að skipta um spennu í stöðina og yfirfara hana. Báðar þessar stöðvar voru síðan gerðar upp og notaðar annars staðar. Nýju stöðvarnar fjórar eru við Strandveg í bryggjuhverfinu í Garðabæ, við Breiðumýri á Álftanesi og við tvær steypustöðvar, önnur í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni og hin í iðnaðarsvæðinu í Molduhrauni í Garðabæ.

Dreifing lágpennu

Haldið var áfram lagningu dreifikerfis og tengingu heimtauga á Völlum í Hafnarfirði og lagt dreifkerfi í Kaplaskeið, sem er ný gata í hesthúsahverfinu við Sörla í Hafnarfirði. Lagt var dreifikerfi í tvær götur í Brekkuhverfi á Álftanesi og í Birkiholt, sem er ný gata út frá Breiðumýri. Haldið var áfram lagningu dreifikerfis í bryggjuhverfið í Garðabæ og í tvær götur á Hraunsholti, Brekkuás og Brúnás. Sett var upp lýsing á gangstíga sem tengja saman göturnar á Hraunsholti.

Samtals var tengd 161 heimtaug á Hafnarfjarðarsvæðinu sem skiptist þannig, að í Hafnarfirði voru 97, í Garðabæ 45 og í Bessastaðahreppi 19. Auk þess voru tengdar 58 vinnuheimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu. Af stærri heimtaugum má nefna að tengdar voru tvær 1.200 A heimtaugar og tvær 900 A heimtaugar á árinu.

Unnið var við merkingar á götuskápum og er því verki að mestu lokið. Þá var unnið við skoðanir á götuskápum og dreifikerfum, en gert er ráð fyrir að skoða dreifikerfi út frá tveimur dreifistöðvum á mánuði í framhaldi af skoðunum á þeim.

VESTMANNAEYJAR

Dreifing háspennu og lágpennu

Rekstur rafveitu gekk ágætlega á árinu. Rekstrartekjur voru 284 m.kr. og jukust um 13% milli ára en þar munar mestu um orkusölu á nýjan rafskautaketil fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvar Vestmannaeyja. Orkukaup veitunnar voru sameinuð öðrum svæðum fyrirtækisins á árinu eins og fyrr segir og hjálpaði það mikið við að mæta aflþörf Eyja yfir álagstímann. Segja má að verulega hafi dregið úr þörf okkar fyrir toppkeyrslu með díselvélum yfir álagstímann, en nokkuð hefur verið um að vélar hafi verið notaðar við toppkeyrslu undanfarin ár.

Lítið var um bilanir í dreifikefi og ástand þess almennt gott. Þó bilaði háspennustrengur sem liggur suður á Eyju norðan við flugvöllinn, þannig að leggja þurfti nýjan bráðabirgða streng frá spennistöð Ofanleiti með flugbrautinni til að geta komið rafmagni á svæðið. Ekki er búið að laga bilunina en endurnýja á gamla strenginn frá spennistöð Gagnfræðaskóla og upp í spennistöð Flugstöð.

Endurnýjaðar voru allar raflagnir í Hásteinsvegi milli Heiðarvegs og Hlíðarvegs ásamt hluta Brimhólabrautar. Settar voru nýjar heimtaugar inn í öll hús, götúkassar endurnýjaðir ásamt því að endurnýjaðar voru allar stofnagnir milli spennistöðva.





Skipt var um alla gatnalýsingu við Hásteinsveg og gangstéttir endurnýjaðar. Verkið var unnið í samvinnu við Símann og var þetta sjötta árið sem þessi fyrirtæki vinna saman í lagnamálum í Eyjum.

Klárað var að ganga frá spennistöð Höfðastöð að innan sem utan, en allur rafbúnaður hafði verið endurnýjaður í stöðinni. Einnig var lokið við að tengja og setja upp varnar- og stýribúnað fyrir orkusölu á nýjan rafskautaketil fyrir fiskimjölsverksmiðju Vinnlustöðvarinnar. Áfram var unnið að endurnýjun gatnalýsingar í bænum með það að markmiði að eyða allri kvikasilfurslýsingu og má segja að því verki sé nú lokið. Nokkuð bættist við af lýsingu í bænum og má þar nefna lýsingu inn í Herjólfssdal, lýsingu á gatnamótum Kirkjuvegs og Vestmannabrautar ásamt lýsingu við Framhaldsskóla Vestmannaeyja.

Lagðar voru 11 nýjar 63A heimtaugar og ein 100A heimtaug. Endurnýjaðir sölumælur voru 92 á árinu en til stendur að gera verulegt átak í þeim málum og hefur vinna við 300 mælaskipti verið boðin út.

Nú er lokið vinnu við endurnýjun lagna í elsta hluta bæjarins. Næsta verkefni sem ráðast þarf í er að endurnýja götukassa sem settir voru upp um og eftir gos. Farið er að sjá nokkuð á búnaðnum og eins er öryggi í þeim ábótavant. Annað verkefni sem vinna þarf að er að endurnýja háspennurofa í spennustöðvum fyrir syðsta hluta Heimaeyjar og leggja þarf nýja háspennustrengi frá spennistöð Gagnfræðaskóla að spennistöð Flugvelli og þaðan áfram suður í Sæfell.

VINNSLA ÚR BORHOLUM VAR EFTIRFARANDI (millj. tonn):

	2003	2002	Breyt %
HSH- 7	1,510	1,380	9,42%
HSH- 8	1,550	1,430	8,39%
HSH- 9	1,550	1,500	3,33%
HSH-10	0,930	0,850	9,41%
HSH-11	2,100	2,460	-14,63%
HSH-12	0,000	0,000	
HSH-14	0,210	0,225	-6,67%
HSH-16	1,010	0,935	8,02%
HSH-18	1,030	1,060	-2,83%
HSH-19	0,920	1,010	8,91%
HSH-20	0,310	0,505	
	11,120	11,355	-2,07%
„HSH-5/6/12/17; niðurdæling“	(3,550)	(1,716)	0,00%
Heildarvinnsla úr svæðinu	7,570	9,639	-21,46%

INNKAUPA- OG BIRGÐADEILD

Erlendum vörupöntunum fjölgaði lítillega frá fyrra ári en verðmæti þeirra jókst um 70% eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Þar má sjá yfirlit yfir erlend innkaup frá árinu 1996 sem á þessu tímabili voru mest árin 1998 og 1999 þegar framkvæmdir við byggingu orkuvers 5 voru í hámarki. Einnig hefur orðið veruleg aukning á innlendum innkaupum síðustu tvö ár, fyrst og fremst vegna stækkunar fyrirtækisins. Sama má segja um afgreiðslur úr birgðageymslum.

Engin útboð voru auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu á árinu frekar en síðustu tvö ár. Útboð auglýst innanlands voru eftirfarandi: Endurnýjun þak- og veggklæðingar lokahúss hljóðdeyfis á Reykjanesi; Einangraðar stálpípur; Viðgerð á borholu REYH4 á Reykjanesi; Vogaeð, endurnýjun, 1. áfangi; Miðlunargeymar á Fitjum og flugvelli, málun; Grindavíkurgeymir, endurnýjun þaks; Holukjallari 8, endurnýjun og Tryggingarvernd fyrir Hitaveitu Suðurnesja hf. Þá var framkvæmd verðkönnun á vinnufatnaði og gerður samningur við einn birgja og gerðir verðsamningar við nokkra birgja um ýmis vörukaup svo og við þjónustuaðila.

Í framhaldi af kaupum HS í Vatnsveitu Reykjanesbæjar voru gerðar nokkrar endurbætur á þeim hluta vöruskráinnar sem nær yfir vatnsveituefni jafnframt því sem lager vatnsveitunnar var skráður í birgðakerfið. Þá er sífellt unnið að því að setja ýmsar upplýsingar um vörurnar inn í kerfið þannig að unnt sé að nýta sér það sem best við stýringu innkaupa og birgðahalds.

Birgðageymslur fyrirtækisins eru fjórar, þ.e. í Njarðvík, Svartsengi, Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum og starfsmenn fimm en þeim fækkaði um einn á haustmánuðum. Eins og fram kemur í töflunni hér fyrir neðan voru afgreiðslur á efni af birgða-

geymslum alls 6.050 á árinu eða 504 að meðaltali á mánuði. Dreifingin milli mánaða er ótrúlega jöfn, en flestar afgreiðslur voru í september eða 634 og færast í apríl eða 413. Heildarvirði birgða við árslok var um 264 m.kr. en var um 245 mkr í árslok 2002. Hluti þessarar aukningar, um 7 m.kr., er tilkominn vegna vatnsveitulagersins sem bættist við á árinu og um 10 m.kr. vegna rangrar skráningar birgða á Vestmannaeyjalager á fyrra ári. Það má því segja, að ef horft er framhjá vatnsveituefninu, þá hafi birgðastaðan nánast haldist óbreytt milli ára. Markmiðið er þó enn að draga úr birgðahaldi svo sem kostur er.

Innkaupastjórahópur Samorku, sem Hitaveitan á fulltrúa í, stóð fyrir sameiginlegu útboði á götuljóskerum á EES-svæðinu. Nokkrar efasemdir voru fyrirfram um ágæti þessa útboðs og ýmsir höfðu áhyggjur af því hver niðurstaðan gæti orðið. Lögð var mikil vinna í gerð útboðsgagna og reynt að tryggja með vönduðum viðskipta- og tækniskilmálum að valið stæði milli trausta birgja með vandaða framleiðslu. Alls bárust 25 tilboð auk nokkurra frávikstilboða. Fjöldmörg tilboð reyndust ekki uppfylla viðskipta- og/eða tækniskilmála og komu því ekki til álita. Lægsta fullgilda tilboðið var frá Smith & Norland hf / ScandiDelux AB, sem buðu Siteco ljós og var gengið frá samningum um kaup á þeim ljósum næstu þrjú árin. Aðilar eru sam-mála um að niðurstaða þessa útboðs hafi verið mjög góð og sýni að með vönduðum útboðsgögnum og vandaðri úrvinnslu tilboða sé unnt að tryggja góða niðurstöðu í slíkum útboðum.

Innkaup á götuljósastaurum og jarðstrengjum voru óbreytt og á haustmánuðum var ákveðið að framlengja samningi um kaup á jarðstrengjum um eitt ár í samræmi við ákvæði útboðsgagna.

Ár	Erlend innkaup						Innlend innkaup	Birgðageymslur	
	Fjöldi pantana	FOB-verð m.kr.	Aðflutn. gjöld m.kr.	Flutnings kostnaður m.kr.	Tryggingar m.kr.	Samtals m.kr.	Fjöldi pantana	Fjöldi afgreiðslna	Afgreiðslur pr. mán.
2003	32	90,1	6,1	5,9	0,3	102,4	760	6050	504
2002	29	54,7	2,1	3,0	0,2	60,0	640		426
2001	32	90,0	400						
2000	36	57,3	3,7	4,2	0,2	65,4	510		
1999	74	573,8	39,3	12,4	1,7	627,2	560		
1998	84	234,4	6,3	7,8	0,7	249,2	500		
1997	64	64,1	2,7	4,8	0,3	71,9			
1996	82	116,0	10,0	6,0	0,6	132,6			





TÆKNIDEILD

Stækkun orkuvers í Svartsengi. Fyrri hluta árs var nokkuð unnið að undirbúningi toppþrýstivirkjunar í Svartsengi, þ.e. orkuveri 6. Frumhönnun var hafin hjá Varmaverki, en þessari vinnu var hætt um sinn eftir að ákveðið var að fara á fullt í hönnun Reykjanessvirkjunar.

Virkjun á Reykjanesi. Unnið hefur verið að hönnun og verkefnisstjórn, samræmingu kostnaðaráætlana hönnuða, gerð útböðsgagna fyrir vélbúnað og kannaðir ýmsir möguleikar á virkjunarútfærslum.

Borholur Reykjanesi. Tæknideild hafði umsjón með tilraunum á útfellingum í borholuvökva og var lokið við langtímaprófanir á holu 10. Fengist hafa niðurstöður sem nægja til þess að ákveða skiljuþrýsting fyrir virkjunina. Þá var gerð stutt prófun á holu 12 og reyndist hún mjög öflug. Lögð var bráðabirgðateng-

ing frá REY H 012 að safnæð REY H 009, en hún dugar til að halda 500 kW hverflinum og fiskþurrkunum á svæðinu gangandi. Þá var unnið að viðgerð á REY H 011 þar sem grafið var 11,5 m. niður með holunni til þess að gera við biluð samskeyti. Eftir er að fylla ofan í holuna.

Önnur verkefni: Aðstoðað var við rannsóknir vegna útfellinga í 30 MW vél í OV5. Forstöðumaður tæknideilda hefur undanfarin 2 ár verið formaður LÍSU, Samtaka um landupplýsingakerfi, en hann lét af því í febrúar 2004. Þá var unnið við samræmingarvinnu vegna gufuhverfils á afgangsortu í sorpbrennslu KÖLKU í Helguvík. Loks hafa verið flutt erindi um jarðhitamál m.a. var haldinn fyrirlestur í september um viðhald og rekstur í Svartsengi á alþjóðlegu jarðhitaráðstefnunni í Reykjavík.

UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið fyrirtækisins, sem skipað er þremur starfsmönnum, sér um rekstur og viðhald upplýsingakerfa fyrirtækisins, ásamt því að taka þátt í innleiðingu nýrra kerfa. Til upplýsingakerfisins telst allur tölvuhugbúnaður, tölvuvélbúnaður og símabúnaður ásamt prenturum og fleiri jaðartækjum. Árlega er endurnýjaður um 25% búnaðarins og hefur sú vinna gengið vel á árinu, tilgangurinn er að halda aldri búnaðarins innan skynsamlegra marka. Þessi verklagsregla hefur gefið góða raun og skilar sér í færri bilunum á vélbúnaði eftir að fyrsta hluta „báðkeraferilsins“ er lokið.

Síðasta ár hefur annars vegar mótast af rekstri kerfanna og hins vegar af gangsetningu upplýsingakerfa í Axapta og frekari afstillingu kerfisins fyrir fyrirtækið. Aðallega hefur verið unnið við gangsetningu á verkbeðnakerfi, sem er samtengt orkureikn-

ingakerfinu að nokkru leyti, til að minnka tvískráningu upplýsinga. Verkbeðnir snúast um að taka við beiðnum um framkvæmdir frá viðskiptavinum sem og starfsmönnum fyrirtækisins og stýra þeim eftir réttum boðleiðum innan fyrirtækisins. Með skráningu verkbeðnanna fæst einnig þjónustusaga viðskiptavinarins og veitunnar. Búið er að innleiða notkun verkbeðnanna á Suðurnesjum og í Hafnarfirði en innleiðing hefur ekki farið fram í Eyjum þegar þetta er skrifað.

Á komandi ári verður hugað að frekari innleiðingu á CRM og líklegt má telja að innleiðing viðbótarhugbúnaðar verði að eiga sér stað vegna hinna nýju orkulaga. Við innleiðingu þessara nýju laga verður opnað fyrir samkeppni í sölu raforku sem leiðir af sér nýjar kröfur til upplýsingakerfanna. Hverjar þessar kröfur verða er ekki orðið ljóst ennþá en óðum stýttist þó í að nýju lögin taki gildi.

VIÐHALDSDEILD

Starfsmenn viðhaldsdeildar voru þrír á árinu eins og undanfarin ár og starfsemin með svipuðu sniði og áður. Viðhaldsdeildin annast allt viðhald og umhirðu húseigna HS á Suðurnesjum og hefur í auknu mæli komið að þeim málum í Hafnarfirði. Vinna þessi er unnin í nánú samráði við stjórnendur rafmagns- og vatnsdeilda og orkuvers eftir því sem við á. Viðhaldsstjóri annast einnig öll samskipti við samningsbundna verktaka í helstu iðngreinum, sem eins og undanfarin ár hafa séð um hluta af viðhaldinu, ýmsar breytingar og smærri nýframkvæmdir.

Verkefni viðhaldsdeildar hafa verið margvísleg að venju. Sem dæmi má nefna, að unnið hefur verið að uppsetningu og frágangi nýrra dreifistöðva í Garði, Grindavík og Keflavík, veru-

legum endurbótum á dreifistöðvum á Lágasvæði norðan Svartsengis, í Keflavík og Grindavík og frágangi umhverfis dreifistöðvar í Grindavík. Unnið hefur verið við endurbætur á loka- og þensluhúsum á Njarðvíkuræð, kaldavatnsdælustöðvum í Garði ásamt hreinsun geyma og lagfæringum á gluggum og hurðum í dælustöð á Fitjum og málun anddyris. Einnig var unnið við ýmsan frágang á Bæjarhrauninu og húsnaði HS að Hjallahrauni í Hafnarfirði tekið í gegn að innan og skipt um útihurð. Þá sér deildin nú um reglubundin þríf og viðhald í dreifistöðvum skv. ákveðinni fastri áætlun og er það eitt af megin verkefnum deildarinnar.

STARFSMANNAHALD

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Ákveðið var að fá verktaka til að sjá um ræstingu í starfstöðvum í Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum. Vegna breytinganna létu Dórothea Stefánsdóttir, Kristín Kristbjörnsdóttir, Hrafnhildur Helgadóttir og Þórhildur Jónasdóttir af störfum.

Nokkrir starfsmenn hættu vegna aldurs á árinu. Lúðvík Guðmundsson í viðhaldsdeild en í hans stað var ráðin Ingólfur Ingibergsson. Ólafur R. Guðnason í kyndistöð í Eyjum en í hans stað var ráðinn Guðmundur Gíslason. Jóhann Davíðsson hitaveituedeild og Ólafur Jónsson og Guðmundur Jónasson birgðaverðir létu einnig af störfum vegna aldurs en í stað Guðmundar kom úr rafmagnsdeild Magnús Sigmundsson sem breytti um starfsvettvang. Á teiknistofu fækkaði um einn starfsmann þegar Brynja Valtýsdóttir


í tækniteiknari snéri til annarra starfa. Guðrún Axelsdóttir var ráðin í stöðu aflesara og lokunarmanns á Suðurnesjum.

Á haustmánuðum keypti HS Vatnsveitu Reykjanesbæjar og við þau kaup bættust við tveir starfsmenn hjá HS, þeir Sigurður Ólafsson og Ágúst Friðgeirsson.

Öllum þeim starfsmönnum sé létu af störfum á árinu eru þökkuð vel unnin störf í þágu fyrirtækisins í gegnum árin og megi þeim farnast vel í framtíðinni.

Starfsmannafjöldi Hitaveitu Suðurnesja hf er því orðinn 115 í 111,8 stöðugildum en var áður 120 í 114,2 stöðugildum.

Eins og fyrr voru nokkrir lausráðnir starfsmenn vegna framkvæmda og við afleysingar og voru, að meðtöldum stjórnarmönnum alls 171 manns greidd laun á árinu.





	2003				2002			
	Fj. starfsmanna		Stöðugildi		Fj. starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn	2		2,0		2		2,0	
Fjármálastjóri	1		1,0		1		1,0	
Fjármál, bókhald, innheimta og þjónusta	24		22,3		22		20,3	
Gæða- og starfsmannamál	1	28,0	1,0	26	1	26	1,0	24
Orkuver Svartsengi, stöðvar- og viðhaldsstjórn	2		2,0		2		2,0	
Vélgæsla	12		12,0		12		12,0	
Stjórnþúnaður	2		2,0		2		2,0	
Viðhald og eftirlit	5	21	5,0	21,0	5	21	5,0	21,0
Forstöðumaður hitaveitu- og ferskvatnsdeildar .	1		1,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit	15	16	15,0	16,0	13	14	13,0	14,0
Forstöðumaður rafmagnsdeildar	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun	4		4,0		4		4,0	
Viðhald og eftirlit	19		19,0		21		21,0	
Rafmagnsöryggismál	3		3,0		3		3,0	
Mælar/lokanir	3	30,0	3,0	30,0	4	33,0	4,0	33,0
Upplýsingakerfi	3	3,0	3,0	3,0	3	3	3,0	3,0
Tæknideild	1		1,0		1		1,0	
Tækniteiknun	2	3,0	2,0	3,0	3	4,0	2,7	3,7
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja . .	1		1,0		1		1,0	
Birgðavarsla	5		5,0		6		6,0	
Viðhald mannvirkja	3		3,0		3		3,0	
Mötuneyti	3		2,0		3		2,0	
Ræsting	2	14,0	1,5	12,5	6	19,0	3,2	15,2
Samtals		115,0		111,8		120,0		114,2
Suðurnes - Njarðvík	55		53,4		55		53,1	
Suðurnes - Svartsengi	23		23,0		23		23,0	
Hafnarfjörður	21		20,5		24		22,2	
Vestmannaeyjar	16	115,0	14,9	111,8	18	120,0	15,9	114,2
Samtals		115,0		111,8		120,0		114,2

SKRIFSTOFA

ALMENNT

Árið 2003 hefur, ekki síður en árin næst á undan, einkennst af miklum breytingum í fyrirtækinu. Þessar breytingar hafa haft veruleg áhrif alls staðar í starfseminni og ekki síst á skrifstofu. Það má segja að mikið breytingatímabil hafi hafist 1998 þegar farið var að huga að hæfni tölvu og upplýsingakerfa til að takast á við árbúsundaskiptin. Það var ljóst að nokkuð af vél- og hugbúnaði var ekki undir það búinn að höndla árið 2000. Því var tekin sú ákvörðun á þeim tíma að skipta um hugbúnað þann, sem annast gerð orkureikninga og heldur utan um allar upplýsingar um notkunarstaði, veitur og mæla ásamt upplýsingum um viðskiptavinum og þjónustu við þá. Það má segja, að síðan vinna við innleiðingu þess kerfis hófst á árinu 1999 og til dagsins í dag hafi hvert stórverkefnið rekið annað í rekstri HS og starfsemi skrifstofunnar. Áður hefur komið fram og verið gert grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið samfara stækkun fyrirtækisins, fyrst með samruna við Rafveitu Hafnarfjarðar og síðan kaupum á Bæjarveitum Vestmannaeyja og síðast en ekki síst kaupum og innleiðingu á nýju upplýsingakerfi fyrir fyrirtækið í heild. Á árinu 2003 hefur verið unnið mjög mikið að uppbyggingu þessa upplýsingakerfis. Beiðnakerfi hefur verið aðlagð og sérhæft okkar þörfum og fór í notkun seint á árinu og er enn þegar þetta er ritað í þróun og vinnslu, þó svo að notkun sé hafin að fullu. Þetta hefur meðal annars haft þau áhrif, að öll verk ganga mun hægar fyrir sig þegar leita þarf upplýsinga og aðstoðar við lausn þeirra. En smá saman læra starfsmenn að nota og nýta sér kosti og gæði hins nýja hugbúnaðar og jafnframt fækkar þeim ágöllum sem upp koma í aðlögun og innleiðingu. Það er líka staðreynd, að þetta upplýsingakerfi hefur að geyma margfaldar upplýsingar á við það sem áður var til og möguleikar til að nálgast og nota þær eru nær óendanlega miklir. Á árinu 2003 og þessu ári hefur verið og verður unnið að fullnaðar tengingu kerfanna K+ og Axapta. Þegar því verki er lokið má segja, að fyrirtækið sé komið með eitt öflugt upplýsingakerfi, þar sem starfsmenn hafa á einum stað allar þær upplýsingar sem vinna þarf með og eitt viðmót til að vinna í og þá þarf ekki lengur að hoppa á milli kerfa eða tvískrá sömu upplýsingar vegna aðgreindra kerfa. Það er því ennþá mikil vinna fyrir höndum við skilgreiningu, aðlögun, innleiðingu og kennslu.

Verkbókhald, eignabókhald, tækjaskrá og margt fleira eru ný hugtök fyrir starfsmenn. Þessi kerfi ásamt bankakerfi, skattakerfi fyrir m.a. vsk o.fl., lager/birgðakerfi, lánardrottinnar og viðskiptamenn eru sjálfstæðar einingar, en vinna í heild sem eitt samhæft kerfi.

Bæjarveitur Vestmannaeyja, sem keyptar voru á árinu 2002, voru reknar sem sjálfstæð eining með eigið bókhald og orkureikningagerð út árið 2002. Á nýliðnu ári var hins vegar bókhaldið sameinað og fært yfir í hið nýja kerfi HS, Axapta. Þá var einnig í ársbyrjun öll vinnsla við orkureikninga og orkusölu flutt í K+ og þar með eru allir viðskiptavinir komnir í eitt umhverfi og vinnubrögð samhæfð. Þetta hefur haft í för með sér ýmsar breytingar á skipulagi og starfsemi.

Skipulag á skrifstofum HS í Njarðvík, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum hefur verið í endurskoðun, þar sem haft hefur verið að leiðarljósi, betri og skilvirkari þjónusta, jafnari dreifing verkefna og í sumum tilfellum aukin sérhæfing verka. Vinna og undirbúningur þessara skipulagsbreytinga hefur tekið mikinn tíma og er að hluta til ekki enn þá séð fyrir endann á.

Margir þættir í starfsemi skrifstofanna eru enn í skoðun með breyttu starfssvæði og skipulag er ekki orðið endanlegt. Í dag er gert ráð fyrir að dagleg stjórnun innheimtu verði í Vestmannaeyjum undir stjórn Sigurjóns Ingólfssonar, stjórnun þjónustuværs og orkureikningagerðar á Suðurnesjum undir stjórn Sigurðar G. Ólafssonar og bókhald og fjárreiður verði undir stjórn Stefáns Jóns. En þróunin öll er hröð og tekist er á við ný verkefni nánast á degi hverjum.

Skipting verkefna á bókhaldssviði milli starfsstöðva, það er Suðurnesja, Hafnarfjarðar og Vestmannaeyja er með þeim hætti, að bókhaldið er skráð á öllum stöðum en þó með þeirri föstu reglu, að allir reikningar frá birgjum og öðrum þjónustuaðilum eru mótteknir, skráðir og greiddir af starfstöðinni á Suðurnesjum svo og gjaldfærsla þeirra, en samþykkt þeirra og bókhaldsmerking er gerð af ábyrgðaaðilum á öllum stöðvum.

Í þessum pistli s.l. ár var gerð nokkur grein fyrir þróun vanskila í orkuviðskiptum hjá fyrirtækinu. Síðan 1995-6, þegar gert var átak í innheimtu útistandandi orkuskulda, hafa útistandandi kröfur um áramót verið sem næst 20% af útsendum reikningum hvers árs og þessi tala er 18,5% í árslok 2003. Stærstur hluti þessa eru reikningar sem gefnir eru út um áramót og ekki á





eindaga fyrir en 15. janúar á nýju ári. Ef bara eru teknir þeir reikningar sem raunverulega eru í vanskilum um áramót er talan fyrir árið 2002 um 10,4% en 9,4% 2003.

Eins og framan er sagt hefur stækkun fyrirtækisins haft mikil áhrif á starfsemina. Það er ljóst að framundan er ekki síður mikil vinna við skipulag og samræmingu, þar sem haft verður að leiðarljósi að hæfni og geta starfsmanna nýtist sem best, óháð því hvar þeir eru staðsettir í stöðvum fyrirtækisins. Samþykkt nýrra raforkulaga munu hafa veruleg áhrif á starf og rekstur fyrirtækisins, í dag eru slík áhrif ekki að fullu ljós og að verulegu leyti ófyrirséð.

VESTMANNAEYJAR

Almennt

Rekstur veitunnar í Eyjum gekk í heildina nokkuð vel. Rekstrartekjur voru 518 m.kr. og jukust um 9% en á sama tíma jókst rekstrarkostnaður um 14%. Ástæða þessarar kostnaðaraukingar má rekja til viðgerðar á neðansjáverleiðslu til Eyja upp á tæpar 50 m.kr. en leiðslan varð fyrir tjóni í óveðri sem gekk yfir í lok febrúar.

Mikil vinna fór í að skipta um orkureikningakerfi, en tekin var upp K+ hugbúnaður í Eyjum þannig að öll innheimta og reikningagerð er nú unnin heildstætt innan fyrirtækisins. Keyra þurfti öll gögn úr eldra kerfi sem notað var í Eyjum ásamt að þjálfar þurfti starfsfólk í notkun hugbúnaðarins og samræma vinnubrögð. Við þessa breytingu má segja að verklag hafi breyst mikið og eru nú m.a. reikningar ekki lengur prentaðir og póstlagðir innan fyrirtækisins heldur er sú vinna unnin af verktökum.

Raforkukaup fyrirtækisins voru sameinuð á árinu. Keyptur er einn toppur af Landsvirkjun sem sammældur er á tveim afhendingastöðum, þ.e.a.s. í Hamranesi og í Eyjum. Hjálpur þetta fyrirkomulag mikið upp á alla álagsstýringu í Eyjum og nýtist því vel fyrir stærstu viðskiptavinum HS. Afnotkun er mikil yfir vetrarvertíðina meðan á frystingu loðnuafurða og síldar stendur. Rafmagnsveitur ríkisins sjá um flutning raforku til Eyja frá Búrfelli og fá greitt fyrir það samkvæmt flutningsgjaldskrá. Á árinu jókst þessi kostnaður um tæp 25% og stafaði það af því að Rarik breytti skilmálum einhliða þvert á samning þar um.

GÆÐAMÁL O.F.L.

Innri úttektir

Fyrir árið 2003/2004 voru 5 innri úttektir á verklagsreglum á áætlun, þrjár þeirra voru teknar út á árinu 2003. Lokið hefur verið að vinna úr þeim athugasemdum sem komu fram en í flestum tilfellum var um lítilsháttar frávik að ræða. Að venju hefur sannað sig að innri úttektirnar eru öflugasta vopnið til að unnið sé eftir samþykktum verklagsreglum fyrirtækisins.

Innri öryggisstjórnunarkerfi rafveitu

Samkvæmt verklagsreglu nr. 3 frá Löggildingastofu um „Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva“ er gert ráð fyrir viðhaldsskoðun á öryggisstjórnunarkerfinu. Viðhaldsskoðanirnar eru úrtaksskoðanir sem fara fram einu sinni á ári á þriggja ára tímabili, þannig að tekinn er fyrir 1/3 hluti af kröfum til öryggisstjórnunarkerfis hverju sinni, en innri úttektir eru teknar með í öllum þessum skoðunum. Árleg virkniúttekt var framkvæmd af starfsmönnum Rafskoðunar 19. desember síðastliðinn og er þetta þriðja virkniúttekt sem HS fer í og því hefur kerfið verið virkniskoðað í heild sinni. Úttektin gekk mjög vel.

Starfsleyfi fyrir hitaveitur

Tilgreint var í síðustu ársskýrslu að unnið væri að umsókn fyrir starfsleyfi hitaveitunnar. En samkvæmt reglugerð 785/1999 ber fyrirtækjum að sækja um starfsleyfi fyrir sínum rekstri. Starfshópur vann eftir leiðbeiningum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og er umsóknin kominn til umsagnar hjá þeim.

Gámes

Nýr gæðahópur var skipaður í framhaldi af því að HS keypti Vatnsveitu Reykjanesbæjar í september á síðasta ári og heitir verkefnið „Uppsetning Gámes kerfis fyrir kaldavatnið“. Verkefnið er númer 33 í röðinni af þeim gæðaverkefnum sem unnin hafa verið síðan gæðastarf var tekið upp hjá fyrirtækinu. Hópurinn hefur hafið störf og er gert ráð fyrir að hann ljúki störfum á haustmánuðum. Hópurinn hefur góðan efnivið til stuðnings verkefninu, en vatnsveitan í Vestmannaeyjum var búinn að setja upp Gámes kerfi fyrir um 7 árum síðan og munu þessi kerfi falla saman í rekstrarhandbók HS.

Vinnustaðagreining

Á vormánuðum var farið í vinnustaðagreiningu innan fyrirtækisins. Greiningin var gerð í samvinnu við IBM Business Consulting Services á Íslandi. Tilgangurinn með vinnustaða-

greiningunni var að mæla þætti sem snúa að stjórnun og starfsumhverfi hjá fyrirtækinu. Starfsmenn eru uppistaðan í rekstri fyrirtækisins og því er mikilvægt að vita hvemig þeim líður í daglegu starfi.

Svörun starfsmanna var mjög góð og var mikil ánægja með þetta framtak. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar fyrir starfsmönnum og leiddu m.a. í ljós að almennt er starfsánægja mikil, vinnuástaða til fyrirmyndar, góð samhæfing starfs og fjölskyldulífs og góður starfsandi. Nokkur verkefni lágu fyrir til að bæta fyrirtækið enn betur og eru nokkur þeirra komin vel á veg.

Öryggisnefnd

Á árinu voru haldnir þrír sameiginlegir fundir deilda í öryggisnefnd HS hf, þó án Vestmannaeyja. Ýmiss mál rædd og í framhaldi var tekið á sumum þeirra og þau afgreidd. Meðal þeirra mála er tekin voru upp í nefndinni til umræðu má m.a. nefna handfrjálstan búnað í bíla, handsími sem öryggistæki, öryggismerkingar á vinnustöðum, öryggisgleraugu og notkun þeirra, rafbylgjumælingar og varnir, vinnufatnaður, merkingar tækja og öryggisleiða, öryggishandbók, vinnustaðargreining og vinnureglur og fl.

Lokið var við að setja upp loftræstivíftur vegna mengunarhættu við alla holukjallara í Svartsengi, ásamt rafvæðingu og lýsingu holuhúsa. Vegna möguleika á sprengihættu var mörkuð sú stefna að skipta út öllum blaut-rafgeymum fyrir þurrgeyma við endurnýjun.

Starfsmönnum Svartsengis er gert að klæðast viðurkenndum brunapolnum fatnaði eins og öðrum starfsmönnum er vinna við rafbúnað. Haldið var innanhús námskeið um öryggismál í kjölfar ljósbogaslys þar sem rætt var um úrbætur. Öryggisnefnd ÍSAGA kom í heimsókn og fékk kynningu á starfsemi HS og fóru fróðari heim.

Öryggishandbók hefur verið lengi í vinnslu en til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst voru þrír menn skipaðir úr öryggisnefnd til að setja kraft í loka vinnslu og útgáfu hennar.

Mörkuð hefur verið sú stefna að halda öryggisviku 3ja hvert ár og liggur fyrir að næsta öryggisvika verði haldin haustið 2004 á öllum vinnusvæðum fyrirtækisins og er vinna við undirbúning og skipulag í fullum gangi.





STARFSMANNAFÉLAG HITAVEITU SUÐURNESJA HF

Árshátíð félagsins var haldin í Stapa í Njarðvík 1. mars og var þátttakan frábær eða 162 og komu Vestmanneyingar á sína fyrstu árshátíð hjá sameinuðu fyrirtæki. Veislu- og skemmtanastjóri kvöldsins var Árni Sigfússon bæjarstjóri í Reykjanesbæ en dinnertónlist kvöldsins sá Los violinos um, en hópurinn samanstendur af sex stúlkum 15 - 17 ára úr Reykjanesbæ. Bjarni töframaður sýndi töfrabrögð og hápunktur veislunnar var þegar stelpurnar í starfstöðinni í Njarðvík sýndu og kenndu línudans. Hljómsveitin „Íslands eina von“ með Eyjólfri Kristjánssyni sá svo um að halda uppi fjörinu fram á nótt.

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. apríl og var þar kosin ný stjórn SFHS og er hún nú þannig skipuð: Gústav Daníelsson formaður, Guðmundur Þórðarson varaformaður, Elsie Einarsdóttir gjaldkeri, Heiðar Sverrisson ritari, Margrét Guðleifsdóttir meðstjórnandi og varamenn í stjórn eru Magnús Sigmundsson og Friðjón Þórarinnsson. Úr stjórn gengu: Halldór Hringsson, Sigurþór Sævarsson, Sævar Sigurðsson, Stefán Þór Sigurðsson og Hallvarður Þ. Jónsson. Eru þeim þökkúð góð störf í þágu félagsins.

Sumarbústaðurinn í Húsafelli og íbúðin á Akureyri voru vel nýtt s.l. orlofsár. Vinnuferðir voru farnar upp í Húsafell og í þeim var m.a. nýja smáhýsið einangrað og klætt að innan, einnig var veröndin stækkuð að húsinu, borið á tréverk utanhúss, parket slípað, hitakerfi lagað svo fátt eitt sé nefnt. Einnig hefur verið endurnýjað sjónvarpstæki, áklæði á borðstofustólum, gasgrill, keyptur örbylgjuofn o.fl. Garðar Tyrtingsson var skipaður umsjónarmaður bústaðarins og hefur hann sinnt því hlutverki af stakri þryði.

Í Einholti á Akureyri hefur nú verið endurnýjað nánast allt á baðherberginu vegna leka og rakaskemmda sem urðu þar og er nú íbúðin aftur orðin hin glæsilegasta.

Sumarferðin í ár var farin 30.- 31. ágúst og var farið yfir Kjalveg og nesti snætt á Hveravöllum í einmuna blíðu. Næsti áfangastaður var Blönduvirkjun en þar var virkjunin skoðuð og voru léttar veitingar að skoðun lokinni í boði Blöndustöðvar. Haldið var til Blönduóss um kl 17:30 en þar var grillveisla í félagsheimili staðarins um kvöldið og gisti hópurinn þar um nóttina. Daginn eftir var haldið heim á leið með viðkomu á Hvammstanga en þar var verslunarmínjasafnið skoðað og súpa snædd.

Heimasíða SFHS varð að veruleika á árinu og er hún að mínu mati frábært verkfæri fyrir upplýsingaflæði frá stjórn til félagsmanna og einnig til að tengja saman starfstöðvamar.

Grillveisla var haldin 26. september í Hafnarfirði og var þá vígt nýtt samkomutjald félagsins, sem verður leigt út til félagsmanna. Grillveislan tókst frábærlega, maturinn var lostæti og er það meistarakokkum félagsins að þakka. Tjaldið skapaði frábæra stemmingu og eins og alltaf þegar við komum saman var rosa-lega gaman.

Netbingó var haldið á heimasíðu félagsins og skapaði það skemmtilega stemmingu í fyrirtækinu á morgnana.

Fjarfundarbingó, hið fyrsta í Íslandssögunni, var haldið þann 31. október en þá var spilað bingó í Njarðvík með fjarfundar tengingu við Vestmannaeyjar. Bingóstjóri kvöldsins var Víðir S. Jónsson og á hann mikið hrós skilið fyrir frammistöðu sína. Vinn-ingarnir í bingóinu voru fengnir gefins hjá hinum ýmsu fyrirtækjum sem skipta við Hitaveituna og vil ég hér þakka öllum þeim fyrirtækjum fyrir.

Að lokum vil ég fyrir hönd SFHS þakka stjórnendum Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir mjög jákvæð viðhorf til félagsins okkar allra.

Gústav Daníelsson, formaður SFHS

ORKUFRAMLEIÐSLA OG SALA

Á árinu 2003 nam framleiðsla í orkuveri 584 GWh í varma (8,747 milljón tonn) og 368,5 GWh í raforku, auk 1,5 GWh á Reykjanesi. Heildar raforkunotkun á orkuveitusvæði HS, með eigin notkun og töpum, nam um 431 GWh og framleiðsla HS því um 86% en um 14% komu frá Landsvirkjun, þar af ótryggð orka um 9%. Raforkusalan skiptist þannig, að forgangsorka var 79%, gatnalýsing um 2%, ótryggð orka um 9%, eigin not um 5% og töp tæp 5%. Varmaorkuframleiðslan minnkaði um 4,8%, forgangs raforkunotkunin á Suðurnesjum stóð í stað en minnkaði í heild um 2,04%. Á Hafnarfjarðarsvæðinu jókst raforkunotkun um 5,81% og um 28% í Eyjum, aðallega þó ótryggð orka, þannig að á þessum orkusölusvæðum fyrirtækisins jókst forgangs raforkunotkun um 1,65%, ótryggð orka um 19,3% og í heild um 3,07%.

Sala á heitu vatni um hemla minnkaði um 0,65% frá upphafi til loka ársins, þ.e. hún jókst um 1,86% í byggðunum en minnkaði um 4,0% til varnarliðsins. Sala um mæla á Suðurnesjum var um 1,55 milljón tonn eða rúmlega 10% minnkun og í

Eyjum var salan 1.153.073 eða 0,3% aukning. Sala raforku samkvæmt almennum töxtum minnkaði í heild um 3,91%, samkvæmt hitatöxtum minnkaði hún um 3,31%, samkvæmt rof- og tvígjaldstöxtum minnkaði hún um 9,6%, til fyrirtækja samkvæmt afltaxta jókst salan um 9,9% og til fiskeldis um 3,4%. Til varnarliðsins minnkaði salan í riðbreytistöð um 1% en önnur sala jókst um 12,9% þannig að sala til varnarliðsins minnkaði þá um 0,1% í heild. Forgangsorkusala minnkaði þannig í heild um 1% en sala ótryggðrar orku jókst um 19,3% þannig að í heild jókst raforkusalan um 1,5% á árinu. Ástæða minnkunar forgangsorkusölu er að stórum hluta sú, að sala á Hafnarfjarðarsvæði fyrir árið 2002 er í raun allt of mikil og nærtalsvert inn á notkun ársins 2001. Á árinu 2003 var tekið upp nýtt orkureikningakerfi og verklagi við aflestur og reikningagerð breytt og þá kom í ljós, að reikningagerð var talsvert á eftir raunnotkun fram að þeim tíma.

FJÁRMÁL

Lokaniðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2003 er nokkuð lakari en árið áður (81 m.kr.) en rétt er að nefna nokkur atriði sem hafa áhrif á niðurstöðuna, sem eru reyndar bæði til tekna og gjalda. Gengismunur sveiflast um 108 m.kr. eða úr tekjum að upphæð 104 m.kr. í gjöld að upphæð 4 m.kr. Sérstök niðurfærsla hlutafjár lækkar hinsvegar um 138 m.kr. en á móti kemur hækkun niðurfærslu skammtímakrafna að upphæð um 44. Afskriftir hækka um 30 m.kr. og almenn rekstrargjöld um 115 m.kr. en hinsvegar hækka tekjur einungis um 47 m.kr. Munar þar mestu að tekjur af raforkusölu minnka milli ára þar sem að tekjur af sölu til stóriðju lækka um 40 m.kr. og minnka einnig á Hafnarfjarðarsvæði vegna afbrigðlega mikillar sölu þar 2002 (13,5 - 14 mánuðir).

Hagnaði fyrirtækisins hafði fram til ársins 2001 að mestu verið varið til að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins, til afborgana af lánum og til fjárfestinga í orkuveri, veitukerfum o.fl. Þá var vegna breytinga á rekstrarformi o.fl. ákveðið að greiða árlega út arð til eigenda fyrirtækisins og var ákveðið að miða við um þriðjung árlegs hagnaðar, auk þess sem greiddur var sérstakur arður að upphæð 1.120 m.kr. Arðgreiðsla HS árið 2002 var 205 m.kr., 270 m.kr. 2003 og tillaga er um 245 m.kr. arðgreiðslu vegna ársins 2003. Afskriftir voru samtals 628 m.kr. sem er um 4,3%

bókfærðs heildarverðs í árslok, en það var 13,6 milljarður króna. Ofangreindar útgreiðslur og umtalsverðar fjárfestingar hafa þrengt greiðslustöðu verulega og var veltufjárlufallið í árslok 0,96, var 1,08 í árslok 2002, 0,96 í árslok 2001 en 2,31 hjá Hitaveitu Suðurnesja í árslok 2000.

Rekstrartekjur ársins námu alls 3.508,6 milljónum króna sem er um 1,36 % hækkun í krónutölu frá árinu áður en 2,04% lækkun að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.272,1 m.kr. af vatnssölu (36,3%), 1.525,6 m.kr. af almennri raforkusölu (43,5%), raforkusala til Landsvirkjunar 177 m.kr. (5,0%), raforkusala til varnarliðsins 315,9 m.kr. (9,0%), ferskvatnssala 92,9 m.kr. (2,7%), tengigjöld 73 m.kr. (2,1%), gufu- og jarðvökvasala 4,7 m.kr. (0,1%) og aðrar tekjur 47,5 m.kr. (1,3%). Rekstrargjöld voru 2.792,3 m.kr. og voru afskriftir þar af 628,4 m.kr. (17,9%), en fjármagnsliðir voru í heild jákvæðir um 9,9 m.kr. Arðsemi eigin fjár var 7% en á árinu áður var hún 8%.

Greiddar voru 293,1 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu en tekið lán vegna kaupa á Vatnsveitu Reykjanesbæjar var 327,3 m.kr. Langtímaskuldir í árslok eru þá, með næsta árs afborgunum þá 1.432 m.kr., þar af 766,3 m.kr. í erlendri mynt, og heildarskuldir 2.779 m.kr.





Gjaldskrá fyrirtækisins hækkaði 1. júlí 2003 um 3% og hafði áður hækkað 1. ágúst 2002 um 3% og um 5 - 6 % 1. september 2001. Gjaldskráin hafði áður verið óbreytt frá 1. okt. 1991, að öðru leyti en því að almennur taxti raforku lækkaði um 12,5% 1. apríl 1996 og rafhitataxtar höfðu fylgt heildsöluverði raforku.

Varðandi viðskipti fyrirtækisins við Landsvirkjun þá voru helstu niðurstöður ársins 2003 eftirfarandi:


LANDSVIRKJUN - VIÐSKIPTI 2003

Afhending LV til HS (Suðurnes)	kWh	- 6.361.000
Afhending LV til HS (Hafnarfjörður)	kWh	- 111.067.000
Afhending LV til HS (Vestmannaeyjar)	kWh	-42.704.000
Afhending HS til LV	kWh	112.304.000
Raun afhending HS til LV	kWh	- 47.828.000
Afhending HS til LV (ótr. rafm.)	kWst	27.046.000
Nettó afhending HS til LV	kWst	-20.782.000
HS greiddi LV v/raforkukaupa	kr.	797.656.852
HS greiddi LV v/ ótr. rafmagn	kr.	21.803.005
Afsláttur LV til HS v/fiskeldis	kr.	-27.652.142
Nettó HS til LV	kr.	791.807.715
LV greiddi HS	kr.	-176.950.828
Nettó greiðsla HS til LV	kr.	614.856.887
Greiðsla HS til LV v/ samreksturs	kr.	18.050.964
Samtals greiðsla HS til LV	kr.	632.907.851

Niðurstaðan er því sú, að HS fékk afhentar frá Landsvirkjun 20,8 GWh og greiddi nettó 614,8 m.kr., auk þess að greiða vegna samrekstrarsamnings (markaðsövíssu, reiðuafll og varaafll) 18,1 m.kr. Þá voru Rarik greiddar 30,7 m.kr. vegna flutnings raforku frá Búrfelli og til Eyja. Þess ber þó að sjálfsögðu að geta að beinn samanburður á kWh er ekki réttur þar sem hver kWh er mun verðmætari á álagstímum heldur en t.d. að næturlagi eða á sumrin og samningurinn tryggir hámarksnýtingu orkuveranna.


Í áætlunum fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir að fjárfestingar í orkuveri á Reykjanesi verði rúmlega 2,5 milljarðar og að aðrar fjárfestingar verði um 400 m.kr. og heildarfjárfestingar því tæplega 3 milljarðar. Afskriftir eru áætlaðar verða um 650 m.kr., afborganir langtímaskulda u.þ.b. 330 m.kr., greiðslur til eigenda 245 m.kr. og heildartekjur eru áætlaðar verða um 3.7 milljarðar eða um 5% hærri en 2003. Gert er ráð fyrir lántöku sem verði a.m.k. 1,4 milljarður auk þess sem skammtímaskuldir hækki um 600 m.kr. Gjaldskrá hitaveitu hækkaði um 5% þann 1. janúar 2004 en raforku einungis um 1,7% vegna bráðabirgða ákvæðis um verðstöðvun í raforkulögum frá í mars og gerir áætlunin sem slík ekki ráð fyrir frekari hækkunum. Vegna breytts fyrirkomulags í raforkumálum gæti þó komið til breytinga á gjaldskrá en á þessu stigi er erfitt að sjá fyrir hvenær og hvað mikið það yrði. Að öðru leyti er vísað til taflna og mynda hvað varðar nánari skýringar á fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Hlutfallsleg skipting tekna 2003




Vatnssala	1.272.056	Rafmagnssala stóriðja	176.951
Ferskvatnssala	92.895	Tengigjöld	72.960
Rafmagnssala	1.525.570	Aðrar tekjur	52.255
Rafmagnssala vamarlið	315.898		

Hlutfallsleg skipting gjalda 2003




Almenn rekstrargjöld	1.325.073	Fjármagnskostnaður	-9.891
Raforkukaup	838.791	Hagnaður	726.181
Afskriftir	628.431		

Uppruni fjármagns



Handbært fé frá rekstri	1.309.762	Langtímakröfur, breyting	99.615
Yfirtekið handbært fé	19.687	Tekið lán	7.579
Sala eigna	19.880	Lækkun á handbæru fé	12.955

Ráðstöfun fjármagns




Orkuver og veitukerfi	870.577	Aðrir rekstrarfjármunir	0
Jarðir og jarðhitaréttindi	0	Fjárfest. í eignarhl. í öðrum fél.	12.500
Hitaveitukerfi	0	Lán til dótturfélags	21.083
Vatnsveitukerfi	0	Afborganir langtímalána	293.128
Rafveitukerfi	0	Greiddur arður	270.000
Óefnislegar eignir	2.190		



LYKILSTÆRÐIR Í ÁRSSKÝRSLU ORKUVEITA

HITAVEITA SUÐURNESJUM	Magn	Einingar	RAFMAGNSVEITA SUÐURN. & HFJ	Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700	km ²	Stærð veitusvæðis	863	km ²
Íbúar með hitaveituVL = 4.500	16.400	fjöldi	Íbúar á orkuveitusvæðinu	41.658	fjöldi
Hús tengd hitaveituVL = 300	5.153	fjöldi	Heimtaugar	10.755	fjöldi
Veitur (mælitæki)VL = 300	5.675	fjöldi	Veitur (mælitæki)	22.484	fjöldi
			Götuljósastólpar	11.616	fjöldi
			Götuljósastólpar, afl ljósgjafa	2.107,0	kW
Fjöldi starfsmanna	(99)	stöðugildi	Fjöldi starfsmanna	(99)	stöðugildi
Fjöldi ársverka	(96)	ársverk	Fjöldi ársverka	(96)	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	150	MW	Aðveitustöðvar, uppsett spennaafll	238,4	MVA
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	125	MW	Dreifistöðvar, uppsett spennaafll	165,39	MVA
Lengd safn- og aðveituæða	67	km	Lengd aðveitukerfis	159,3	km
Lengd dreifikerfis	314	km	Lengd háspennudreifikerfis	253,8	km
			Lengd lágspennudreifikerfis	1.303,8	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	8.747.083	m ³ /ári			
Hámarksálag á árinu	95,6	MW	Orkuöflun alls, mesta afl	(60)	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	584	GWh/ári	Orkuöflun alls	375,1	GWh/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti	100	%			
Hlutfall orkuframleiðslu: annað	0	%	SmásalaVL = 67,3	232	GWh
SmásalaVL = 12.878	17.420	lítrar/mín	Smásala ótrygg orka	27	GWh
SmásalaVL = 4.289	1.453.599	„m ³ ,“	Heildsala	186,5	GWh
Smásala (án vsk)VL = 633,4	457,2	m.kr.	Smásala (án vsk)VL = 315,9	1.257,7	m.kr.
Heildsala (án vsk)	0	m.kr.	Heildsala (án vsk)	176,9	m.kr.
Meðalverð í smásölu (án vsk)	1,16	kr/kWh	Meðalverð í smásölu (án vsk)	5,50	kr/kWh
HITAVEITA VESTMANNAEYJUM	Magn	Einingar	RAFMAGNSVEITA VESTMANNAEYJUM	Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	13,3	km ²	Stærð veitusvæðis	13,3	km ²
Íbúar með hitaveitu	3.750	fjöldi	Íbúar á orkuveitusvæðinu	4.379	fjöldi
Hús tengd hitaveitu	1.434	fjöldi	Heimtaugar	1.972	fjöldi
Veitur (mælitæki)	1.411	fjöldi	Veitur (mælitæki)	2.324	fjöldi
			Götuljósastólpar	1.400	fjöldi
			Götuljósastólpar, afl ljósgjafa	229,0	kW
Fjöldi starfsmanna	(16)	stöðugildi	Fjöldi starfsmanna	(16)	stöðugildi
Fjöldi ársverka	(5)	ársverk	Fjöldi ársverka	(7)	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði		MW	Aðveitustöðvar, uppsett spennaafll	52,5	MVA
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	38	MW	Dreifistöðvar, uppsett spennaafll	25,80	MVA
Lengd safn- og aðveituæða	1,4	km	Lengd aðveitukerfis	1,5	km
Lengd dreifikerfis	68,8	km	Lengd háspennudreifikerfis	23,5	km
			Lengd lágspennudreifikerfis	84,8	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	1.405.789	m ³ /ári			
Hámarksálag á árinu	13,5	MW	Orkuöflun alls, mesta afl	9,50	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	62,7	GWh/ári	Orkuöflun alls	55,8	GWh/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: jarðhiti	0	%			
Hlutfall orkuframleiðslu: annað	100	%	Smásala	41,1	GWh
Smásala	1.153.073	„m ³ ,“	Smásala ótrygg orka	13,3	GWh
Heildsala	0	„m ³ ,“	Heildsala	0,0	GWh
Smásala (án vsk)	183,4	m.kr.	Smásala (án vsk)VL = 306,5	267,9	m.kr.
Heildsala (án vsk)	0,0	m.kr.	Heildsala (án vsk)	0,0	m.kr.
Meðalverð í smásölu (án vsk)	159,0	kr/m ³	Meðalverð í smásölu (án vsk)	6,05	kr/kWh



ÁRSREIKNINGUR
31. DESEMBER 2003





SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR Á ÁRSREIKNINGINN

Ársreikningur Hitaveitu Suðurnesja hf er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Jarðlindar ehf og ársreikning móðurfélagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 3.509 millj. kr. og hagnaður þess var 726 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 14.695 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 11.850 millj. kr. eða 81% af heildarfjármagni. Þetta hlutfall var 80% í ársbyrjun.

Eignarhluti einstakra hluthafa í Hitaveitu Suðurnesja hf í árslok 2003 er sem hér segir:

Eignarhluti:

Reykjanesbær	40,46%
Hafnarfjarðarbær	15,50%
Ríkissjóður	15,50%
Grindavíkurbær	8,66%
Vestmannaeyjabær	7,00%
Sandgerðisbær	5,42%
Sveitarfélagið Garður	4,70%
Vatnsleysustrandahreppur	2,76%

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2003 verði greiddur 245 millj. kr. arður til hluthafa, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Alþingi samþykkti undir lok árs 2003 breytingar á lögum um ársreikninga þess efnis að afnema skyldi verðleiðrétt reikningsskil frá og með árinu 2002. Í lögnum er bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um tveggja ára aðlögunartíma, þannig að á árunum 2002 og 2003 er heimilt að semja og birta verðleiðrétt reikningsskil. Félagið hefur nýtt heimildina á árunum 2002 og 2003 og eru reikningsskil félagsins á árinu 2003 því verðleiðrétt. Í samræmi við ákvæði laganna mun félagið hætta að verðleiðrétt reikningsskil sín á árinu 2004.

Stjórn og framkvæmdastjórn Hitaveitu Suðurnesja hf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Njarðvík, 20. febrúar 2004

STJÓRN:

*Tómas Skjöldur
Rannsóknir
Óskar Þórmundsson
Ólafur Þorvaldsson*

FORSTJÓRI:

Guðni Thórhann

ADSTOÐARFORSTJÓRI

Robert Robertsson

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Hitaveitu Suðurnesja hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðu-reikning og ársreikning móðurfélagsins. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóð-streymi og skýringar nr. 1 - 32. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á árs-reikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðun-inni þannig að nægjanleg víska fáið um að ársreikningurinn sé í

meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Njarðvík, 20. febrúar 2004



